



Sjálfbær atvinnusvæði á Vesturlandi

Ráðgjafarsvið KPMG

September 2024



Inngangur

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fólu KPMG að gera greiningu á sjálfbærum atvinnusvæðum á Vesturlandi. Verkefnið tekur til allra sveitarfélaga á Vesturlandi sem skipt var í fjögur svæði.

Byrjað er á að fara yfir skilgreiningu á sjálfbæru atvinnusvæði. Sérstök umfjöllun er um Flokkunarreglugerð ESB og hvað fyrirtæki þurfa að uppfylla til að geta talist umhverfislega sjálfbær.

Skýrslan byggir á viðtölum við aðila á svæðinu auk rýni ýmissa fyrirliggjandi gagna. Í lokin eru niðurstöður þar sem dregin eru fram helstu sóknarfæri svæðisins miðað við framangreindar forsendur.

Það sem er nýtt í þessari greiningu er að hugmyndafræði sjálfbærni er höfð að leiðarljósi við rýni gagna og niðurstaðna.

Fyrirvari

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður greiningavinnu um sjálfbær atvinnusvæði á Vesturlandi. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á, en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, eru á höndum verkkaupa eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

Nánari upplýsingar veita:

Sævar Kristinsson

Verkefnisstjóri
skristinsson@kpmg.is

Helena W. Óladóttir

Sérfræðingur
hwoladottir@kpmg.is

Hafþór Ægir Sigurjónsson

Hluthafi
hsigurjonsson@kpmg.is

Sjálfbær atvinnusvæði

Tilgangur verkefnisins er að meta einstök atvinnusvæði og atvinnutækifæri sem þeim tengjast í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvort þau geti talist sjálfbær.

Að horfa á tiltekna landfræðilega einingu sem sjálfbært atvinnusvæði er ný nálgun á sýn og stefnu til þróunar svæða.

Fyrirliggjandi gögn

Rýnd voru margvísleg gögn og fyrirliggjandi greiningar. Einkum voru það stefnur og aðalskipulag sveitarfélaganna, gögn um þróun innviða, skýrslur um þróun atvinnulífs, sviðsmyndir, sértæk verkefni o.fl. Heimildalisti er birtur í viðauka skýrslunnar.

Viðtöl

Rætt var við lykilaðila í öllum sveitarfélögunum. Samráð var haft við tengiliði SSV um val á viðmælendum.



Aðferðafræði

Nálgun KPMG byggir annars vegar á samkeppnislíkani Porters og hins vegar á Flokkunarreglugerð ESB og nýrri aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum.



Skilgreining

Sjálfbær atvinnusvæði byggja á grunnstoðum sjálfbærrar þróunar og velmegun samfélagsins sem tilheyrir tilteknu landsvæði. Sjálfbært atvinnusvæði stendur styrkum fótum og byggir á stoðum umhverfis og menningar sem ekki verða frá samfélaginu tekin. Það tekur til mismunandi atvinnustarfsemi og menningar samfélags á skilgreindu afmörkuðu landsvæði.

Samantekt á greiningu

- Staða góð, jákvæð áhrif
- Tækifæri til að gera betur, veita þarf athygli
- Úrbóta þörf, kyrrstaða eða stöðnun

	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	Akranes og Hvalfjarðarsveit	Snæfellsnes	Dalabyggð
Umgjörð og stefna	<ul style="list-style-type: none"> ● Heildarsýn fyrir hendi, stefna í samræmi við áherslur yfirvalda. ● Aðalskipulag í mótun. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Heildarsýn fyrir hendi, stefna í samræmi við áherslur yfirvalda. ● Nýtt aðalskipulag beggja sveitarfélaga. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Sameiginlegt svæðisskipulag til staðar. Vantar stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum. ● Nýlegt aðalskipulag í öllum sveitarfélögum nema Stykkishólmi. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Vantar heildarsýn en umhverfis- og loftslagsstefna í samræmi við kröfur yfirvalda. ● Nýtt aðalskipulag.
Staða og forsendur	<ul style="list-style-type: none"> ● Íbúafjöldi í hægum vexti ● Vatns- og fráveita annar vexti samfélagsins. Landgæði og landrými til staðar, vegir í þokkalegu ástandi, uppbyggingar þörf verði frekari vöxtur. ● Menningarlíf og félagslegir innviðir góðir. Menntastofnanir á öllum námsstigum til staðar. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Vöxtur í íbúafjölda, yngri aldursþframídi. ● Kalt og heitt vatn nálægt þolmörkum en innviðir almennt fyrir hendi. ● Menningarlíf fær laka einkunn en félagslegir innviðir til staðar og vel metnir af íbúum. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Íbúafjöldi stendur í stað. ● Kalt svæði, vegasamgöngur anna illa auknum umferðarþunga, fráveita þarfnast úrbóta. ● Menningarlíf metið hátt af íbúum, innviðir og þjónusta til staðar. Samnýting sveitarfélaga. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Veikleikar í lýðfræðilegri stöðu. Fækkun íbúa og hærri hlutfall eldra fólks. ● Innviðir þarfnast uppbyggingar, vegir þarfnast viðhalds, farsímanet og ljósleiðari óviðunandi. Orka annar eftirspurn og fráveita sömuleiðis. ● Menningarlíf og félagslegir innviðir í sókn.
Stuðningur til árangurs	<ul style="list-style-type: none"> ● Atvinnulíf fjölbreytt, þróun í landbúnaði og nýsköpun. Tekjur undir landsmeðaltali. ● Ungt fólk sér tækifæri til búsetu og atvinnulífs. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Fjöldi fyrirtækja mestur á Vesturlandi, áföll í atvinnulífi og óvissa um framtíðartækifæri, atvinnusókn til höfuðborgarsvæðis og iðngarðs á Grundartanga. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Atvinnutekjur hæstar á Vesturlandi, flest fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskveiðum. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Landbúnaður og ferðaþjónusta stærstu greinar. Minni fjölbreytni í atvinnulífi en í öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi. Hæst hlutfall opinberra starfa. Mörg sauðfjárbú sem eiga á brattann að sækja.
Tækifæri til vaxtar	<ul style="list-style-type: none"> ● Landbúnaður, ylrækt og matvælavinnsla í samræmi við áherslur í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. ● Ferðaþjónusta, skapandi störf, þjónustufyrirtæki. ● Kröfur Flokkunarreglugerðar ESB eiga við iðnað. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Vöxtur í iðnmenntun vegna nálægðar við Grundartanga. Ungt fólk til staðar. ● Ferðaþjónusta vannýtt, vöntun á gistiplássi. Tækifæri í heilsutengdri ferðaþjónustu. ● Hafa í huga viðmið Flokkunarreglugerðar ESB fyrir fyrirtæki og iðnað í grænum iðngarði og markmiðasetningu í loftslagsmálum. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Ferðaþjónusta og matvælaframleiðsla. ● Nýting auðlinda Breiðafjarðar, rannsóknir og vöktun. ● Auðlindanýting í samræmi við viðmið Flokkunarreglugerðar ESB. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Uppbygging ferðaþjónustu, landbúnaður. ● Auðlindanýting í samræmi við viðmið Flokkunarreglugerðar ESB. ● Uppbygging loftslagsvæns landbúnaðar er í samræmi við áherslur í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. ● Framleiðsla orku er háð viðmiðum Flokkunarreglugerðar ESB.
Sóknarfæri	<ul style="list-style-type: none"> ➢ Loftslagsvænn landbúnaður og matvælaframleiðsla ➢ Samstarf um ferðaþjónustu ➢ Iðnaður á krossgötum 	<ul style="list-style-type: none"> ➢ Grænir iðngarðar, loftslagsgarður ➢ Klasasamstarf ➢ Heilbrigðisþjónusta ➢ Heilsutengd ferðaþjónusta 	<ul style="list-style-type: none"> ➢ Sjálfbær nýting auðlinda Breiðafjarðar ➢ Ferðaþjónusta, náttúra og jökullinn ➢ Haftengd starfsemi og nýsköpun 	<ul style="list-style-type: none"> ➢ Sjálfbær nýting auðlinda Breiðafjarðar ➢ Hæglát og nærandi ferðaþjónusta ➢ Aukin verðmætasköpun í landbúnaði ➢ Orkugjafir fram tíðar

Helstu niðurstöður og sóknarfæri

Borgarbyggð og Skorradals-hreppur

Fjölbreytt atvinnulíf og traustar menntastofnanir einkenna héraðið sem byggir einnig á langri sögu landbúnaðar.

Sóknarfæri:

Iðnaður sem tekur mið af auknum kröfum til umhverfislegrar sjálfbærni. Nútímalegur landbúnaður sem byggir á loftslagsvænum lausnum.

Innviðir margvíslegrar ferðaþjónustu eru sömuleiðis til staðar og geta mætt auknum gestafjölda.

Akranes og Hvalfjarðarsveit

Styrkur svæðisins felst í uppbyggingu margvíslegs iðnaðar og nálægð við nýsköpunarumhverfi höfuðborgarsvæðisins. Stöðugur vöxtur er í íbúafjölda og góðir innviðir samfélagsins hafa verið byggðir upp.

Sóknarfæri:

Ferðaþjónusta er sóknarfæri í sveitarfélögunum og uppbygging heilsutengdrar þjónustu felur í sér tækifæri til vaxtar.

Þekking og reynsla af iðnaði á svæðinu skapar sveitarfélögunum forskot. Uppbygging í samræmi við kröfur um umhverfislega sjálfbærni er framtíð iðnaðar á svæðinu.

Snæfellsnes

Ólík sveitarfélög svæðisins eiga náttúruperlur og fjölbreytt umhverfi sameiginlegt. Sjávarútvegur og ferðaþjónusta eru meginatvinnugreinar svæðisins. Fjöldi ferðamanna heimsækir Snæfellsnes og góðir innviðir eru til staðar í greininni.

Sóknarfæri:

Náin tengsl atvinnulífs og náttúruauðlinda í sjó og á landi ásamt ferðaþjónustu flétta saman möguleika svæðisins.

Sjálfbærni og nýsköpun er leiðarljós auðlindanýtingar Breiðafjarðar og ferðaþjónustu.

Dalabyggð

Svæðið er viðkvæmt hvað varðar innviði og mannauð en vaxtarbroddar eru til staðar og verkefni sem styðja við jákvæða þróun.

Sóknarfæri:

Hæglæti og gæði í samræmi við smæð samfélagsins og náíð sambylí manns og náttúru einkenna sóknarfæri Dalabyggðar.

Ferðaþjónusta í samstarfi við nágretta á Snæfellsnesi, loftslagsvænn landbúnaður í sátt við umhverfi og mannlíf og tækifæri nýrra orkugjafa eru meðal sóknarfæra svæðisins.

Efnisyfirlit

Að greina sjálfbær atvinnusvæði 7

- 01-01 Um verkefnið 8
- 01-02 Sjálfbær atvinnusvæði – skilgreiningar 11
- 01-03 Sjálfbærni og loftslagsmál 15
- 01-04 Samkeppnishæfni 21

Atvinnusvæði á Vesturlandi 25

- 02-01 Umgjörð og stefna 26
- 02-02 Staða og forsendur 32
- 02-03 Stuðningur til árangurs 44
- 02-04 Tækifæri til vaxtar 52
- 02-05 Sóknarfæri 58

Viðauki 71

- Heimildir og gögn 72



01

Að greina sjálfbær atvinnusvæði

01-01

Um verkefnið

Um verkefnið



Tilgangur verkefnisins er að meta einstök atvinnusvæði og atvinnutækifæri sem þeim tengjast í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvort þau geti talist sjálfbær.

1. **Greina** stöðu og styrk svæðisins sem nýst getur atvinnulegu samhengi og mætt kröfum stjórnvalda um aðgerðir í loftslagsmálum og eflingu hringrásarhagkerfis.
2. **Móta** hugmyndir að leiðum út frá sjálfbærniþáttum svæðisins og lykilþáttum árangurs.
3. **Áætla** hvaða stuðningur er nauðsynlegur til að hlúa að sóknarfærum og hverjir eru helstu aðilarnir til að koma að því.

Að horfa á tiltekna landfræðilega einingu sem sjálfbært atvinnusvæði er ný nálgun á sýn og stefnu til þróunar svæðis og því er hér um frumkvöðlaverkefni að ræða.

Nálgun verkefnisins byggir á eftirfarandi:

- Samkeppnisdemantur Porters er notaður til að draga fram styrk og veikleika svæðisins, greina tækifæri og vaxtarmöguleika.
- Horft er til viðmiða Flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins, sem og hvernig hugmyndir um græna iðngarða hafa mótast, ásamt því að verkefni eru mátuð við aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum.
- Niðurstöður eru settar fram sem möguleg sóknarfæri fyrir svæðið.

Gagnaöflun

Verkefnið tekur til allra sveitarfélaga á Vesturlandi sem skipt var í fjögur svæði:

1. Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit
2. Borgarbyggð og Skorradalshreppur
3. Dalabyggð
4. Snæfellsnes: Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær

Viðtæk gagnaöflun fór fram í verkefninu og víða leitað fanga.

Fyrirliggjandi gögn voru nýtt eftir fremsta megni, s.s. stefnur og aðalskipulag sveitarfélaganna, gögn um þróun innviða, skýrslur um þróun atvinnulífs, sviðsmyndir, sértæk verkefni o.fl. Einnig var ný aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum notuð sem og viðmið flokkunarreglugerðar ESB.

Að lokum voru tekin viðtöl við aðila í heimahéraði, s.s. fólk úr atvinnulífi og stjórnslu, ásamt því að leitað var eftir sýn yngra fólks á svæðinu í rafrænni könnun sem lögð var fyrir nemendum Menntaskóla Borgarfjarðar.

Heimildaskrá er í viðauka með sundurliðun á notkun gagna og heimilda við þær greiningar sem liggja að baki skýrslunni.



01-02

Sjálfbær atvinnusvæði - skilgreiningar

Hvað er sjálfbært atvinnusvæði?

Formleg skilgreining á sjálfbæru atvinnusvæði liggur ekki fyrir en þó má segja að sameiginlegur skilningur byggi á grunnstoðum sjálfbærrar þróunar og velmegun samfélagsins sem tilheyrir tilteknu landsvæði.

Sjálfbært atvinnusvæði stendur þannig styrkum fótum og byggir á stoðum umhverfis og menningar sem ekki verða frá samfélaginu tekin. Það tekur til mismunandi atvinnustarfsemi og menningar samfélags á skilgreindu afmörkuðu landsvæði.

Stýring svæðisins nær til umhverfis og náttúruauðlinda, jafnréttis og mannréttinda, hagsældar, þrautseigju og skuldbindingu samfélagsins. Með því er stuðlað að velferð framtíðarkynslóða sem byggt geta afkomu sína með og á viðkomandi svæði.



Lykilþættir sjálfbærra atvinnusvæða

Til að greina metnað og árangur fyrirtækja eru almennt notaðir fjórir grunnþættir þ.e. umhverfi (U), félagslegir þættir (F), stjórnarhættir (S) og hagsæld (H). Þeir endurspeglar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar ásamt viðmiðum um lögmæta og siðferðislega stjórnarhætti, sem eiga einkum við þegar atvinnurekstur á í hlut. Með því að yfirfæra þessa nálgun má lýsa sjálfbærum atvinnusvæðum með eftirfarandi hætti:

Sjálfbær
atvinnusvæði búa yfir
styrk, þrautseigju og
aðlögunarhæfni
gagnvart
umhverfislegum,
félagslegum og
efnahagslegum
áskorunum

Í sátt við náttúru og umhverfi (U)

Á sjálfbærum atvinnusvæðum er byggt á sjálfbærri nýtingu auðlinda, hvort sem um er að ræða náttúruauðlindir eða innviði sem samfélaginu eru nauðsynlegir, s.s. aðgang að heitu og köldu vatni, orku og fráveitu. Uppbygging atvinnulífs er í samræmi við umhverfisviðmið Flokkunarreglugerðar ESB og aðgerðir innleiddar sem draga úr mengun, lágmarka röskun umhverfis og stuðla að sjálfbærri nýtingu landsvæða.

Traust samfélagsgerð (F)

Sjálfbærni á svæði felur í sér að tryggja félagslegt jafnræði og réttlæti fyrir alla íbúa. Samfélagið býr yfir nauðsynlegum starfskröftum þeirra sem þar eiga heimili og hafa jafnframt aðgang að grunnþjónustu eins og menntun, heilsugæslu og greiðum samgöngum.

Lýðræðislegir stjórnarhættir (S)

Sjálfbær þróun krefst virkrar þátttöku og hlutdeildar allra hagaðila sveitarfélagsins. sveitarfélaga, hagsmunaaðila. Möguleikar samfélagsins til að móta eigin framtíð eru fyrir hendi. Stjórnsýsla svæðisins er skilvirk, verkferlar eru gagnsærir og ákvörðunartökuferli tekur tillit til þarfa og sjónarmiða fjölbreyttra hópa íbúa.

Ábyrgur efnahagur og virkt atvinnulíf (H)

Sjálfbært svæði stuðlar að efnahagsþróun sem er umhverfislega ábyrg, samfélagslega sanngjörn og hagkvæm til lengri tíma lítið. Samstarf aðila styður við vöxt svæðisins og er mótað með hagsmuni heildarinnar í fyrirrími. Það getur falið í sér að efla staðbundin fyrirtæki, styðja við græna tækni eða skapa atvinnutækifæri á sama tíma og sanngjörn laun og störf eru tryggð.

Atvinnustarfsemi styður við lágmarksviðmið um mannréttindi og viðskipti (sbr. Flokkunarreglugerð ESB).

Mat á sóknarfærum

Mat á sóknarfærum sem styðja við sjálfbæra framtíð atvinnusvæða leiddi í ljós fjórar grunnstoðir sem möguleg sóknarfæri standa á. Í skýrslunni er fjallað um þessar grunnstoðir auk mögulegra sóknarfæra þ.e. alls fimm þætti.



Sameiginlega varpa þessir fimm þættir ljósi á þau atriði sem líkleg eru til að styðja við sjálfbæra þróun atvinnusvæða til framtíðar. Niðurstaða er sett fram sem sóknarfæri fyrir hvert atvinnusvæði og kaflar skýrslunnar endurspeglar þessa fimm þætti greiningarinnar.

01-03

Sjálfbærni og loftslagsmál

Um Flokkunarreglugerð ESB

Reglugerðin skilgreinir þá starfsemi sem talin er stuðla að umhverfislegri sjálfbærni og setur fram viðmið fyrir atvinnugreinar sem uppfylla þarf til að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær.

Fjöldi íslenskra fyrirtækja mun þurfa að takast á við uppfyllingu reglugerðarinnar þó svo að allmörg fyrirtækja landsins falli utan við mörk hennar – ennþá vegna smæðar.

Á Vesturlandi er margvísleg atvinnustarfsemi sem taka þarf tillit til viðmiða Flokkunarreglugerðarinnar til að geta skilgreint sig sem sjálfbær fyrirtæki. Uppbygging framtíðaratvinnusvæða skyldi hafa hliðsjón af viðmiðum reglugerðarinnar svo um sé að ræða sjálfbæra atvinnuuppbygginu til lengri tíma.



Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að auka gagnsæi í sjálfbærni fyrir fjárfesta, fjármálafyrirtæki og útgefendur fjármálaafurða.




Til að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi sem skilgreind eru í reglugerðinni. Eins þarf að skýra frá lágmarksverndarráðstöfunum hvort heldur sem atvinnustarfsemi sé metin gjaldgeng eða ekki.



Umhverfismarkmið

- Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið.
- Í öðru lagi þarf fyrirtækið að hlíta tæknilegum matsviðmiðum vegna þessara umhverfismarkmiða.
- Í þriðja lagi þarf hún að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir, er varðar m.a. aðgerðir gegn spillingu og vernd mannréttinda í starfseminni.



Lágmarksverndarráðstafanir

Flokkunarreglugerðin styðst við lágmarksviðmið OECD og SP um mannréttindi sem gera þarf grein fyrir.

- Mannréttindi: Verklag um framkvæmd á samningum um nýtingu vinnuafis
- Spilling og mútuþægni: Ferlar og verklag vegna AML og vernd uppljóstrara.
- Skattamál: Áhættustýring
- Samkeppnismál: Vitund og verklag um fræðslu á sviði samkeppnismála.

Umhverfismarkmið

Mikilvægt er að uppbygging atvinnulífs til framtíðar taki mið af þeim kröfum sem gerðar eru til atvinnustarfsemi skv. Flokkunarreglugerðinni, m.a. til að tryggja sjálfbærni atvinnusvæðisins og hagsmuni sveitarfélagsins til langs tíma.

Með sjálfbærri atvinnustarfsemi er átt við að greinin eða starfsemin stuðli að eða hafi veruleg áhrif á eitt eða fleiri af umhverfismarkmiðum (sjá í töflu hér að neðan) á sama tíma og hún má ekki skaða önnur markmið.

Umhverfismarkmið	Skýring á tilgangi umhverfismarkmiða	Dæmi um atvinnustarfsemi sem fallið getur undir viðmið flokkunarreglugerðarinnar
Mildun loftslagsbreytinga	Dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda og endurnýjanlegir orkugjafar notaðir.	Flutningaþjónusta, viðhald og uppbygging samgönguinnviða, verktakar, iðnaður
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Dregið sé úr áhrifum loftslagsbreytinga og stuðlað að lágmörkun loftslagsáhættu	Hönnun og uppbygging innviða, byggingageiri, þjónustufyrirtæki
Sjálfbær nýting og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Nýting auðlinda í sjó og vötnum gangi ekki á auðlindina og skaði ekki afkomu hennar til framtíðar	Matvælafyrirtæki, landbúnaður
Umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi	Hráefni, orka eða auðlindir séu fullnýtt í hringrás atvinnustarfsemi eða skilað til endurnýtingar/endurvinnslu	Iðnaður, byggingageiri, matvælaiðnaður, úrgangspjónusta
Mengunarvarnir- og eftirlit	Aðgerðir innleiddar sem draga úr hættu á mengun og reglubundin vöktun og eftirfylgni til að tryggja tímanleg og viðeigandi viðbrögð	Matvælafyrirtæki, iðnaður
Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni	Stuðlað að vernd náttúru og vistkerfa og mótvægisáðgerðir framkvæmda dragi úr neikvæðum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni	Framkvæmdir sem fela í sér breytingu á landnotkun, landbúnaður, matvælafyrirtæki

Áskoranir í loftslagsmálum

Sveitarfélög standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum vegna áhrifa loftslagsbreytinga á komandi árum og áratugum. Þeim ber að setja sér loftslagsstefnu skv. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Skal stefnan innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, upplýsingar um kolefnisjöfnun starfseminnar auk aðgerða til að ná skilgreindum markmiðum.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, mæta áskorunum vegna loftslagsbreytinga og aðlagast þeim.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er eitt helsta stjórnþæki yfirvalda til að standa við skuldbindingar landsins gagnvart Parísarsamningnum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Fjölmargar aðgerðir byggja á samstarfi við sveitarfélög og mikilvægt er að rekstur þeirra og ákvarðanir séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um aðgerðir í loftslagsmálum. Einnig er það á hendi sveitarfélaga að taka ákvarðanir um aðlögunaraðgerðir til að tryggja íbúum möguleika til framtíðarþásetu þar sem áhrifa af hlýnun loftslags kemur til með að gæta.



Skuldbindingar Íslands og aðgerðaáætlun

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum og markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

- Loftslagssamningur SP: Ísland er aðili að Loftslagssamningi SP sem samþykktur var 1992 í Rio de Janeiro, ásamt 196 öðrum ríkjum heims. Á honum byggir Parísarsamningurinn sem samþykktur var 2015 og undirritaður og fullgiltur á Íslandi 2016.
- Markmið Parísarsamningsins: Markmið samningsins er að halda hækkun hitastigs jarðar undir 2°C miðað við meðalhitastig við upphaf iðnvæðingarinnar. Samkvæmt samningnum skulu aðildarríkin setja sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svonefnd landsákvörðuð framlög.
- Markmið ESB: Íslensk stjórnvöld hafa lýst því yfir að Ísland muni taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópusambandsins um að draga úr losun um 55% fram til 2030, miðað við losunartölur frá árinu 1990. Ekki liggur fyrir hver hlutdeild Íslands í 55% markmiðinu verður fyrir samdrátt í samfélagslosun en líklegt er að markmiðinu sem Íslandi verður úthlutað verði í kring um 41%.*
- Kolefnishlutlaust Ísland árið 2040: Markmiðið var sett haustið 2017 í stjórnarsáttmála og lögfest þann 25. júní 2021, með breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012.

Í aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum er aðgerðum skipt í fjögur kerfi. Þau byggja á alþjóðlegum skilgreiningum á losun og þeim kerfum sem haldið er utan um losun innan hvers þeirra fyrir sig.

*Þegar fyrra yfirmarkmið ESB var 40% var hlutdeild Íslands 29% miðað við sömu reiknireglur ESB.

Kerfi	Lýsing	Markmið
Samfélagslosun	Undir samfélagslosun fellur t.d. öll losun frá samgöngum á landi, frá landbúnaði, úrgangi og kælimiðlum. Fyrirtæki og einstaklingar geta lagt sitt af mörkum til að draga úr samfélagslosun.	2030: 41% samdráttur m.v. 2005 2040: 55% samdráttur m.v. 2005
Viðskiptakerfi	Losun frá staðbundnum iðnaði, s.s. kísilmálmframleiðslu og álframleiðslu, ásamt losun frá alþjóðaflugi og alþjóðasiglingum, fellur undir viðskiptakerfi ESB, sem oft er nefnt ETS kerfið. Innan kerfisins eru árlega gefnar út losunarheimildir og aðilar sem falla undir kerfið vinna að einu sameiginlegu markmiði.	Hvert fyrirtæki gerir upp sína losun sjálfstætt innan viðskiptakerfisins.
Landnotkun	Landnotkun (sk. LULUCF) nær bæði til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar og til bindingar kolefnis, breyttrar landnotkunar og skógræktar.	2030: Engin aukning í losun frá landi
Þverlægir flokkar aðgerða	Þverlægar aðgerðir eru loftslagsaðgerðir sem hvetja samfélagið til umskipta á átt að kolefnishlutleysi. Þetta eru aðgerðir sem beinast ekki að því að ná niður losun í einum tilteknum bókhaldsflokki, heldur styðja við aðgerðir þvert á flokka.	

Aðgerðir í samfélagslosun

Samfélagslosun í aðgerðaáætlun yfirvalda er skipt í sjö undirþætti. Innan hvers þáttar eru margar aðgerðir á mismunandi stigi; sumar eru einungis á hugmyndastigi en aðrar eru þegar komnar til framkvæmda með einhverju sniði. Margar aðgerðanna eru til þess fallnar að hvetja til samdráttar í losun en aðrar eru bein íhlutun, hvatar eða latar, sem er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samfélagslosun	Lýsing	Dæmi um aðgerðir
S.1. Orkuvinnsla	Losun gróðurhúsalofttegunda vegna raforku- og varmavinnslu. Annars vegar er um að ræða losun í rekstri jarðvarmavirkjana og hins vegar um losun vegna bruna jarðefnaeldsneytis til orkuvinnslu.	S.1.B.2. Grænt varaafli fyrir atvinnulíf og samfélag. Þrepaskipt krafa um útskipti jarðefnaeldsneytis í varaafli raforku- og varmaframleiðslu.
S.2. Smærri iðnaður	Losun gróðurhúsalofttegunda sem verður til við bruna á jarðefnaeldsneyti í smærri iðnaði, s.s. vegna mannvirkjagerðar, véla og tækja.	S.2.B.2. Orkuskipti hreyfanlegra véla og tækjabúnaðar S.2.C.1. Gagnaöflun og uppsprettugreining um svæðisbundna jarðefnaeldsneytisnotkun
S.3. Efnanotkun	Þessum flokki tilheyrir losun vegna kælimiðla í kælikerfum og annari efnanotkun, s.s. SF6 í rafbúnaði spennivirkja.	S.3.A.5. Áætlun ríkis og sveitarfélaga um útfösun F-gasa í rekstri þeirra.
S.4. Landbúnaður	Undir málaflokkinn fellur margvísleg losun gróðurhúsalofttegunda sem verður til vegna ýmissa ferla í landbúnaði, s.s. búfjárhald, landnotkun, áburðarnotkun og bruna jarðefnaeldsneytis við notkun tækja og vinnuvéla.	S.4.B.2. Styðja við innleiðingu tækni til nákvæmnisdreifingar áburðar S.4.B.3. Stuðningur til bænda til aðgerða sem draga úr áburðarþörf S.4.C.4. Hvetja til bættrar framleiðni í nautgripærækt S.4.C.5. Hvetja til bættrar framleiðni í sauðfjárrækt S.4.C.6. Landnotkun sem hluti af kolefnisspori matvælaframleiðslu
S.5. Ökutæki og innviðir	Losun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna jarðefnaeldsneytis í ökutækjum af ólíkum stærðum og gerðum.	S.5.A.2. Fjárstuðningur til uppbyggingar á skilvirku neti hreinorkuáfyllingarstöðva S.5.C.2. Styrkir til kaupa á hreinorkuökutækjum úr Orkusjóði S.5.C.3. Stigvaxandi krafa um hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi S.5.C.6. Lagaheimild tryggð fyrir losunarlitlum/fríum svæðum
S.6. Skip og hafnir	Til málaflokksins telst losun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna jarðeldsneytis í skipum og bátum, annarra en alþjóðasiglinga sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS).	S.6.B.3. Greining á ávinningi regluverks um viðbótaraflaheimildir rafvæðdra strandveiðibáta S.6.B.7. Orkuskipti í haftengdri starfsemi
S.7. Úrgangsstjórnun	Undir málaflokkinn fellur losun gróðurhúsalofttegunda sem verður til vegna meðhöndlunar úrgangs á Íslandi, s.s. metanlosun vegna urðunar.	S.7.B.1. Innleiða lög um flokkun úrgangsstrauma S.7.B.3. Innleiða bann við urðun lífúrgangs S.7.B.4. Innleiða bann við urðun lífræns úrgangs S.7.C.2 Fjárhagslegur stuðningur við innviðauppbyggingu fyrir skólp

01-04

Samkeppnishæfni

Samkeppnishæfni


Þróun á samkeppnishæfni svæða snýst um að efla og bæta samhengi og ýta undir hæfni og getu til að laða fram verðmætasköpun og hagsæld í samkeppni, samspili og samanburði.

Samkeppnishæfni markast af fjölmörgum þáttum sem í samspili ráða miklu um verðmætasköpun. Fjölmargar leiðir hafa verið notaðar til að greina samkeppnishæfni og mörg líkön geta nýst til að greina þá þætti sem skipta máli. Dæmi um þau má sjá hér að neðan:

Viðskipta- og rekstrartengd atriði:



Gæði og virkni í
viðskiptalífinu



Staða klasapróunar og
virkni klasa –
Klasakortlagning



Geta og færni
fyrirtækja –
Samkeppniskraftar

Hagræn og samfélagstengd atriði:




Staða, gæði og virkni í
hagstjórn í víðum
skilningi



Staða, gæði og virkni í
samfélaginu og helstu
stofnunum þess

Auðlindir:




Staða, gæði og
virkni auðlinda

Samkeppnisforskot

Demantalíkan Porters lýsir samkeppnishæfni í fjórum þáttum:

- 1) Eftirspurn framleiðslu
- 2) Sterkum framleiðsluþáttum
- 3) Skýrri stefnu og skilvirku skipulagi
- 4) Öflugum stuðningsgreinum.

Með því að styrkja þessa þætti má stuðla að aukinni samkeppnishæfni. Auk þess geta ytri þættir, s.s. tilviljanir, breytingar og aðgerðir stjórnvalda haft áhrif á samkeppnishæfni.



Greining á samkeppnishæfni

Við greiningu á samkeppnishæfni atvinnusvæða og starfsemi innan þeirra þarf að kortleggja alla þætti demantsins þannig að heildarmynd fáist á rekstrarumhverfi.

Dæmi um þætti sem eru kortlagðir má sjá á myndinni hér að neðan.


Stefna, metnaður og framtíðarsýn.

Uppbygging og skipulag fyrirtækja, viðskiptalíkan.

Samkeppnisumhverfi viðskipta- og stofnanaumhverfi.

Framleiðsluþættir, s.s. aðgengi að hæfu starfsfólki, fjármagni, innviðum og auðlindum.

Innviðir skipulags til að mæta framleiðslukröfum



Eðli og uppbygging markaðar, m.t.t. eftirspurnar.

Stærð og vaxtartækifæri, umhverfi og neyslumynstur samfélags.

Væntingar neytenda og framleiðsla sem mætir þeim.

Skilgreint samstarf og geta tengdra greina til að styðja við þróun.

Möguleikar til gagnkvæms ávinnings af samstarfi.

Rannsóknir og nýsköpun.

02

Atvinnusvæði á Vesturlandi

02-01

Umgjörð og stefna

Mat á stefnu og umgjörð sveitarfélagsins og hvernig hún samræmist ytri stefnum og áætlunum yfirvalda, s.s. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Stefnumótun

Í gildi er stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga 2024-2038 sem ætlað er að stuðla að samræmdri stefnumótun ríkis og sveitarfélaga. Áætlunin dregur saman meginþætti langtíma stefnu ríkisins í þeim málaflokkum sem snúa að verkefnum sveitarfélaga og stuðlar að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á þeim sviðum með heildarhagsmunum sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi.

Í sumum málaflokkum er sveitarfélögum skylt að móta sér stefnu en í öðrum er nálgun valkvæð. Því kemur ekki á óvart að stefnumótun sveitarfélaga á Vesturlandi er með afar ólíkum hætti.

Sveitarfélög á Vesturlandi hafa farið ólíkar leiðir í að marka sér stefnu fyrir samfélagið og þróun þess. Til að sjálfbær atvinnusvæði geti orðið að veruleika þarf að taka stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum og stefnu í atvinnu-, húsnæðis- og íbúapróun föstum tókum.

SSV hefur sett fram sameiginlega stefnu fyrir sveitarfélögin í ýmsum málaflokkum sbr. Sóknaráætlun Vesturlands, Áfangastaðaáætlun Vesturlands, Samgöngu og innviðaáætlun, Velferðarstefnu Vesturlands og Menningarstefnu Vesturlands.

Fæst sveitarfélaganna hafa mótað sérstaka stefnu í atvinnumálum þó vissulega megi greina áhrif og tengsl atvinnulífs í fleiri stefnum en sérstakri atvinnustefnu. Tækifæri er fyrir sveitarfélög á Vesturlandi að nálgast þessi málefni heildrænt t.d. með aðkomu SSV.

Sýn sveitarfélaga á þróun byggðar og samfélags er einna greinilegust í aðalskipulagi og greinargerð sem því fylgir. Loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni og verndun náttúru og umhverfis kemur einnig við sögu í aðalskipulagsgerð en þau eru einnig viðfangsefni Flokkunarreglugerðar ESB.

Gerð er grein fyrir áhersluatriðum aðalskipulags sveitarfélaga á Vesturlandi og annarri stefnumarkandi sýn er varðar umhverfis-, loftslags- og atvinnumál. Hafa verður í huga að misjafnt er milli sveitarfélaga hver staða skipulagsins er. Sum hafa samþykkt nýtt aðalskipulag á síðustu árum, önnur eru í endurskoðun.

Aftar eru svo dæmi um tvö svæði á Vesturlandi þar sem heildræn stefnumótun hefur farið fram, þvert á mörk sveitarfélaga. Í báðum tilfellum er um að ræða atvinnu- og samfélagsáherslur fyrir tiltekin svæði, annars vegar Svæðisgarðinn Snæfellsnes, hins vegar grænan iðngarð á Grundartanga.

Á næstu síðu er gerður lauslegur samanburður í töflu á hvort til staðar séu stefnur sveitarfélaga í tilgreindum málaflokkum. Rétt er að taka fram að ekki er um tæmandi lista að ræða.

Hlutverk sveitarfélagsins er að vera með markaða stefnu um þróun byggðar og uppbyggingu atvinnulífs á komandi árum. Atvinnulífinu er boðið upp í dans í aðalskipulagsgerð.

Viðmælandi úr Borgarbyggð

Stefnur sveitarfélaga á Vesturlandi

	Heildarstefna	Stefna í atvinnumálum	Stefna í ferðabjónustu	Menntastefna	Fjölskyldustefna / Velferðarstefna	Íþróttá-, tómstunda- eða frístundastefna	Heilsuefliandi samfélag	Stefna í málefnum eldri borgara / Stefna í öldrunarbjónustu	Stefna í málefnum innflytjenda	Menningarstefna	Stefna í jafnréttismálum	Umhverfisstefna / Staðardagskrá 21	Loftslagsstefna
Borgarbyggð					x		x	x	x	x		x	
Skorradalshreppur					x					x		x	
Akraneskaupstaður	x	x		x	x		x			x		x	
Hvalfjarðarsveit				x	x	x		x		x			
Eyja- og Miklaholts- hreppur					x					x			
Grundarfjörður			x	x	x		x			x			
Snæfellsbær					x		x			x			
Stykkishólmur				x	x		x			x			
Dalabyggð				x	x	x	x			x		x	

Samanburður á stefnum sveitarfélaganna

	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit	Dalabyggð
Aðalskipulag, umhverfis- og loftslagsmál	<p>Stefnumótun Borgarbyggðar byggir á Markaðsmótun sem unnin var fyrir sveitarfélagið. Lögð er áhersla á öflugt atvinnulíf, blómlegan landbúnað og gott menntunarframboð, ásamt fjölbreyttri þjónustu og verslun.</p> <p>Loftslagsstefna Borgarbyggðar var samþykkt af Umhverfis- og landbúnaðarnefnd í maí 2022. Sveitarfélagið stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér.</p> <p>Nýtt aðalskipulag Borgarbyggðar (2025-2038) er í mótun. Þar er m.a. fjallað um landnotkun, byggðaþróun og -mynstur og um samgöngu- og þjónustukerfi.</p> <p>Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022 fjallar um heildarstefnu hreppsnefndar sem miðar að því að landnotkun í sveitarfélaginu verði fyrst og fremst til landbúnaðarnota og skógræktar.</p>	<p>Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar er í gildi 2020-2032. Þar kemur fram að stefna sveitarstjórnar er að vera í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru, skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða. M.a. skal áhersla lögð á að skapa loftslagsvæna byggð og skipulag landnýtingar taki tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga. Þá kemur einnig fram að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda.</p> <p>Heildarstefna Akraneskaupstaðar var mótuð 2023. M.a. er stefnunni ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan sveitarfélagsins. Í gildi er aðalskipulag Akraness 2021-2033. Fjallað um náttúruvá og loftslagsbreytingar, m.a. fyrirsjáanleika og mat á áhættu. Aðgerðaáætlun skal stuðla að minni losun, aukinni kolefnisbindingu og aðlögun að breytingum.</p>	<p>Í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 segir að Dalabyggð stefni að því „að verða hæglætissamfélag með sterkar rætur í sögu, menningu og náttúru svæðisins. Í því felst að vinna að auknum lífsgæðum íbúa, sjálfbærni daglegs lífs og þoli samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum.“</p> <p>Ein sameinuð umhverfis- og loftslagsstefna fyrir sveitarfélagið var samþykkt 2021. Markmið stefnunnar snúa að rekstri sveitarfélagsins og að draga úr losun af starfsemi þess. Sveitarfélagið Dalabyggð stefnir að því að vera fyrirmynd í því hvernig gengið er um náttúru og auðlindir og leggur sitt af mörkum gegn loftslagsbreytingum. Sömuleiðis er fjallað um loftslagsvá og áhrif loftslagsbreytinga á svæðinu í umhverfismatsskýrslu aðalskipulags.</p>
Atvinnu- og byggðamál	<p>Væntingar eru um fjölgun starfa sem byggja á sérstöðu svæðisins.</p> <p>Borgarbyggð og Skorradalshreppur eru aðilar að Þróunarfélagi Grundartanga sem leiðir skipulag uppbyggingar græns iðngarðs á Grundartanga. Framþróun í landbúnaði felur í sér fjölmörg tækifæri til nýsköpunar í Borgarbyggð og styður við aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum.</p>	<p>Tengsl sveitarfélaganna við iðnaðarsvæðið á Grundartanga eru mikil. Áhersla lögð á að fyrirtæki dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið.</p> <p>Akraneskaupstaður hefur sett sér stefnu í atvinnumálum, stefnu um græna iðngarða og stefnu um loftslagsgarð sem allt eru stefnur sem móta atvinnulíf á svæðinu.</p>	<p>Dalabyggð hefur tekið þátt í verkefnum yfirvalda um að styrkja dreifðar byggðir. M.a. styður atvinnunefnd sveitarfélagsins við þróunarverkefni. Dalaauður er verkefni til að styrkja brothættar byggðir í Dalabyggð og hefur skírskotun í mannaúð, menningarauð og sögu svæðisins.</p>

Samanburður á stefnum sveitarfélaganna frh.

	Eyja- og Miklaholtshreppur	Grundarfjörður	Snæfellsbær	Stykkishólmur
Aðalskipulag, umhverfis- og loftslagsmál	<p>I gildi er aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038.</p> <p>Leiðarljós aðalskipulagsins er að íbúar og landeigendur geti nýtt landkosti til að styrkja forsendur búsetu og atvinnustarfsemi, án þess að rýra tækifæri komandi kynslóða til sömu hagnýtingar.</p>	<p>Í gildi er Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039. Fjallað er um loftslagsmál í umhverfisskýrslu, einkum mikilvægi þess að skipulag taki tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga, s.s. vegna ofanflóða og eldvirkni.</p>	<p>Í gildi er aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031. Þar segir m.a. að leggja skuli áherslu á sjálfbæra þróun byggðar með áherslu á samþættingu náttúru, efnahags og mannlífs, sem meginforsendu stefnumótunar varðandi alla landnotkun.</p>	<p>Gildistími núverandi aðalskipulags Stykkishólms er 2002-2022. Ekki er fjallað sérstaklega um loftslagsmál í skipulagsgreinargerð en skipulagið er þó stefna sveitarfélagsins um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar</p>
Atvinnu- og byggðamál	<p>Landbúnaður er meginforsenda atvinnustarfsemi og búsetu í hreppnum en ferðaþjónusta er vaxandi og gerir auknar kröfur til þjónustuveitingar á svæðinu. Ekkert þéttbýli er innan marka sveitarfélagsins.</p> <p>Sveitarfélagið hefur gengið til samstarfs við nágrannasveitarfélög um samfélagsþjónustu, s.s. barnaverndarmál, heilsugæslu, öldrunarmál og heimilishjálp.</p>	<p>Í aðalskipulagi er sett fram framtíðarsýn sveitarfélagsins. Hún byggir á styrk þjónustukjarna sjávarútvegs og ferðaþjónustu miðsvæðis á Snæfellsnesi. Lífsgæði íbúa felast í fjölskylduvænu og umhverfisvænu samfélagi þar sem fjölbreytni í atvinnutækifærum og menningu er góð.</p> <p>Í skipulagsgreinargerð aðalskipulags eru tilgreind þrjú megin svið til verðmætasköpunar, út frá sérstöðu Grundarfjarðar og áherslum svæðisskipulagsins, þ.e. matvælaframleiðsla (sjávarútvegur og landbúnaður), ferðaþjónusta og rannsóknir, s.s. náttúrufarsrannsóknir.</p>	<p>Stórbrótin náttúra Snæfellsnes er helsta aðdráttarafli ferðaþjónustunnar en Snæfellsjökulspjóðgarður liggur m.a. að öllu leyti innan marka sveitarfélagsins og laðar að sér vaxandi fjölda ferðamanna ár hvert.</p> <p>Að öðru leyti byggir atvinnulíf mestmegnis á sjávarútvegi.</p>	<p>Starfshópur um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi skilaði af sér skýrslu árið 2022. Þar er m.a. lögð áhersla á að á frekari nýtingu svæðisbundinna náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt og það verði gert með því að efla rannsóknir á lífríki sjávar. Til þess verði stofnað Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð sem hafi það að meginmarkmiði að stuðla að auknu klasasamstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila þannig að stuðla megi að jákvæðri samfélags- og byggðapróun á svæðinu, byggða á svæðisbundnum styrkleikum. Í sama streng tekur stýrihópur um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar í skýrslu frá júní 2024.</p>

Tvö dæmi um heildræna stefnumótun svæðis á Vesturlandi:

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Svæðisgarður er fjölpætt samstarf fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka á svæði sem myndar samstæða landslags- og menningarlega heild. Samstarfið byggist á sameiginlegri sýn um sérstöðu svæðisins og samtakamætti við að hagnýta sérstöðuna og vernda hana. Svæðisgarðurinn var stofnaður 2014.

Framtíðarmynd af Snæfellsnesi sem sett er fram í svæðisskipulagi byggir á því að einstakur náttúru- og menningararfur svæðisins sé umgjörð lífsgæða, og stuðli að byggðapróun, atvinnustarfsemi, skóla- og rannsóknarstarfi ásamt daglegu lífi íbúa.

Meginhlutverk svæðisskipulags Snæfellsness, er að leiða byggðapróun á Snæfellsnesi með því að marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn og stefnu sveitarfélaganna um umhverfi, atvinnulíf og þekkingu á svæðinu, í nánú samstarfi við fulltrúa úr atvinnulífinu og frá félagasamtökum. Þannig má segja að grunnur að svæðisgarði birti sameiginleg sýn á þróun atvinnulífs og samfélags og marki sóknaráætlun svæðisins sem heildar.

Lögð hefur verið áhersla á skarpa markaðssetningu í ferðapjónustu, mótun vörumerkis Snæfellsness og stuðning við þróun iðnaðar- og skapandi greina í heimabyggð.

Grænn iðngarður á Grundartanga

Þróunarfélag Grundartanga vinnur að því að þróa Grundartangasvæðið sem grænan iðngarð með hringrásarhugsun að leiðarljósi. Uppbygging garðsins er í samræmi við viðmið Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna um græna iðngarða og er garðurinn sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi.

Lykilatriði í mótun græns iðngarðs á Grundartanga er sameiginleg stefnumótun og framtíðarsýn fyrir svæðið sem heild. Sjálfbærnumgjörð græns iðngarðs á Grundartanga myndar þessa mikilvægu stefnu svæðisins.

Sjálfbærnumgjörðin inniheldur sameiginlega sýn, markmið og mælikvarða á sviði umhverfismála, félagslegra þátta, stjórnarháttar og hagsældar. Hún byggir á mikilvægisgreiningu fyrir garðinn ásamt viðmiðum Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfbærnumgjörð græns iðngarðs á Grundartanga var samþykkt af aðildarfyrirtækjum garðsins árið 2022.

02-02

Staða og forsendur

Greining á stöðu mannauðs, þekkingu, fjármagni og innviðum.
Styrkur og áskoranir dregin fram og greind.

Fjölbreyttir styrkleikar og verðugar áskoranir

Ljóst er að styrkleikar Vesturlands eru margir og íbúar tilgreina mörg atriði sem þeir telja eftirsóknarverð og Vesturland búi yfir. Þannig er nefnt fjölbreytt atvinnulíf, umhverfi og náttúrufegurð. Einnig eru samfélagslegir kostir svæðisins taldir upp, s.s. mannaúður, félagslegir innviðir og félags- og mannlíf á svæðinu.

Íbúar á svæðinu telja hlutverk sveitarfélagsins fyrst og fremst felast í að móta stefnu og sýn fyrir samfélagið, skapa umgjörð fyrir atvinnulíf og þróun byggðar og vinna að þeim markmiðum sem sveitarfélögin setja sér til að ná fram þeirri sýn sem dregin hefur verið upp.

Styrkleikar svæðisins felast í fjölbreyttu atvinnulífi, sterkum innviðum og mannaúði. Það er gott aðgengi að starfsfólki, fasteignamat er hátt á svæðinu og félagslegir innviðir í góðu standi. Það er eftirsóknarvert að búa á svæðinu.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Fjölbreytt atvinnulíf, fallett umhverfi og náttúra skapar jákvæð hughrif. Fjölbreytt samfélag sem byggir á sterkum og gömlum grunni á svæðinu. Saman laðar þetta fólk að svæðinu.

Viðmælandi úr Borgarbyggð

Áherslurnar

hafa breyst, áður var það atvinna fyrst og fólkið kom svo, nú er það fólkið og samfélagið fyrst og atvinnan fylgir.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Hlutverk sveitarfélaga er að skapa umgjörð og styðja við atvinnulífið þannig að það geti vaxið og dafnað.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Áskoranir sveitarfélaga eru aðrar en áður. Kröfur íbúa varðandi þjónustuveitingu og innviði vaxa í takt við nútímasamfélag og atvinnulíf gerir aðrar kröfur til allrar umgjörðar.

Sveitarfélögin hafa breyst og framundan eru áskoranir í samfélag- og umhverfismálum sem krefjandi er að undirbúa.

Íbúafjöldi 1998-2023

Mikill og stöðugur vöxtur hefur verið í íbúafjölda á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit sl. 20 ár sem hófst með allmiklu stökki í íbúafjölda milli 2007 og 2008. Hægari vöxtur er í Borgarbyggð og Skorradalshreppi en þar hefur íbúum fjölgað allmikið sl. tvö ár eftir örlitla fækkun milli 2020 og 2021 og minni fjölgun síðustu 10 árin þar á undan.


Hin tvö svæðin, Snæfellsnes og Dalabyggð, eru ekki í sambærilegum vexti og hefur íbúum síðarnefnda sveitarfélagsins fækkað nokkuð á tímabilinu. Á Snæfellsnesi stendur íbúafjöldinn nánast í stað.

Í töflu hér að neðan eru borin saman hlutföll kynja af starfandi íbúum sveitarfélaga og hvort uppruni viðkomandi sé íslenskur eða erlendur.

Talsverður munur er á sveitarfélögum. Jafnast hlutfall kynja meðal starfandi íbúa er á Akranesi og Hvalfjarðarsveit og á Snæfellsnesi. Áberandi er að hlutfall starfsfólks með íslenskan uppruna er langhæst í Dalabyggð, 91%.

Fjöldi starfandi í ársbyrjun 2024 (hlutföll)							
	Íbúafjöldi	Fj. starfandi	Hlutfall	Karlar	Konur	Erl. bakgr.	Ísl. bakgr.
Akranes og Hvalfjarðarsveit	8762	4663	53%	54%	46%	14%	86%
Borgarbyggð og Skorradalur	4165	2170	52%	56%	44%	22%	78%
Snæfellsnes	3961	2081	53%	54%	46%	29%	71%
Dalabyggð	653	352	54%	57%	43%	9%	91%

Þróun íbúafjölda árin 1998-2023



Lýðfræðilegir veikleikar

Mögulegt er að greina hvort sveitarfélag eða landsvæði sé öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi skv. þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Mælikvarðinn er einn af þeim þáttum sem mat stjórnvalda á sjálfbærni sveitarfélaga byggist á. Stefnan er að sveitarfélög á Íslandi verði öflugur og sjálfbærar staðbundnar stjórnsýslueiningar sem verði ein meginstoð velferðar íbúanna.

Aðferðafræði greiningarinnar er byggð á Nordregio (e. Demography vulnerability index) og er einkunnin byggð á 10 mælikvörðum yfir lýðfræðilega veikleika sveitarfélags/svæðis t.d. aldurssamsetningu, fæðingar- og dánartíðni. Viðmiðunargildi er sett fyrir hvern lýðfræðilegan þátt og falli niðurstaða utan marka viðmiðs er um skilgreindan veikleika að ræða.

Lýðfræðilegir veikleikar	Veikleiki ef	Heild	Suðurnes	Höfuðb.sv	Vesturland	Vestfirðir	Austurl.	Suðurl.	Norðurl. v.	Norðurl. e.
Fæðingartíðni	<10,5	11,3	10,4	11,5	10,7	10,8	10,3	11,4	11,7	11,1
Dánartíðni	>8,9	7,0	5,3	6,6	8,8	8,9	9,0	7,0	10,5	8,0
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	33,4	66,7	29,2	33,9	12,2	25,6	45,8	4,1	26,3
Hlutfall 0-14 ára	<17,3%	18,2	18,8	18,1	19,2	17,3	18,3	18,0	18,1	18,2
Hlutfall 15-24 ára	<12,0%	13,0	13,2	12,9	12,8	13,2	12,7	12,9	13,7	13,5
Hlutfall 25-54 ára	<39,1%	42,5	46,3	43,4	39,1	39,4	40,2	40,5	36,7	38,5
Hlutfall 55-64 ára	>12,0%	11,3	10,4	11,0	11,9	13,2	12,3	11,9	11,8	12,6
Hlutfall eldri en 64 ára	>19,5%	15,0	11,3	14,6	17,1	17,0	16,5	16,7	19,6	17,2
Konur - Karlar	<0	48,4	45,9	48,9	47,7	47,5	46,9	48,0	49,2	49,1
Fjöldi kvenna á móti 100 körlum (15-64 ára)	<93	91,3	81,5	92,2	88,9	89,9	86,9	93,0	96,4	95,7
Fjöldi veikleika		1	2	1	2	4	2	1	3	2

Lýðfræðilegir veikleikar á Vesturlandi

Tölur í rauðum lit sýna niðurstöður sem falla utan viðmiðunargilda og benda þannig til veikleika viðkomandi svæðis.

Á öllum svæðum Vesturlands er hlutfall karla og kvenna meðal íbúa veikleikamerki, og hallar á konur.

Flestir lýðfræðilegir veikleikar greinast hjá Dalabyggð, þar sem allir mælikvarðar sýna veikleika nema hlutfall 15-24 ára íbúa og fjöldi kvenna á móti körlum. M.a. er Dalabyggð eina svæðið á Vesturlandi þar sem dánartíðni er utan viðmiðunarmarka.

Hlutfall eldri íbúa (55-64 ára) er á öllum svæðum yfir viðmiðunarmörkum, nema á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, og telst því veikleiki. Það bendir til þess ójafnvægi í aldursdreifingu verði vegna fjölgunar eldri borgara á komandi árum. Aðeins í Dalabyggð er hlutfall eldri borgara (+65 ára) nú þegar yfir viðmiðunarmörkum.

Lýðfræðilegir veikleikar svæða						
	Veikleiki ef	Akranes og Hvalfjarðarsveit	Borgarbyggð og Skorradalur	Snæfellsnes	Dalabyggð	
Íbúafjöldi 1. janúar (2023)		8.603	4.009	3.835	637	
Fæðingartíðni	<10,5	11,9	8,5	8,9	6,3	
Dánartíðni	>8,9	6,7	6,7	7,6	20,4	
Aðfluttir umfram brottflutta*	<0	191	231	66	-5	
Hlutfall 0-14 ára	<17,3	20,6%	18,1%	19,5%	16,2%	
Hlutfall 15-24 ára	<12,0	13,3%	12,2%	12,0%	14,1%	
Hlutfall 25-54 ára	<39,1	38,6%	38,2%	38,4%	33,3%	
Hlutfall 55-64 ára	>12,0	10,5%	12,6%	13,7%	15,1%	
Hlutfall 65 +	>19,5	17,0%	18,8%	16,4%	21,4%	
Konur - Karlar	<0	-349	-149	-167	-29	
Fjöldi kvenna á móti 100 körlum (15-64 ára)	<93	88	94	92	94	
Lýðfræðilegir veikleikar (skali 0-10)		3	4	5	8	

*Nýjustu gögn Hagstofunnar um aðflutta umfram brottflutta í sveitarfélögum landsins eru frá 2021.

Auðlindir umhverfis, samgöngur og fjarskipti

Borgarbyggð og Skorradalshreppur

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit

Snæfellsnes

Dalabyggð

Auðlindir umhverfis og samfélags

Staðsetning Borgarness er auðlind, þar sem bærinn er vel staðsettur m.t.t. þjóðleiða í aðra landshluta (vestur á Snæfellsnes, norður Holtavörðuheidi, til innsveita Borgarfjarðar og til höfuðborgarsvæðisins). Jarðhiti er í Borgarbyggð. Landbúnaðarland er vítt og auðugt og tenging við Landbúnaðarháskólann mikilvæg fyrir þróun greinarinnar. Ferðaþjónusta er allnokkur, bæði sögu- og náttúrutengd.

Náttúrufegurð og nálægð við hafið er auðlind svæðisins en ferðaþjónusta telst vannýtt auðlind á svæðinu. Landnýting, landbúnaður og landsvæði geta að sama skapi talist auðlind. Nálægð við höfuðborgarsvæðið telst kostur en fjarlægð Akraneskaupstaðar frá hringvegi er ókostur.

Breiðafjörður er gjöful auðlind, hafið er ríkt af sjávarfangi, straumar og seltuflæði eru vannýttir orkukostir. Snæfellsjökull er segull svæðisins og þjóðgarðurinn auðlind ferðaþjónustu og framleiðslufyrirtækja á svæðinu. Mikil tækifæri geta legið í frekari nýtingu Breiðafjarðar, til dæmis í vinnslu á þangi og þara en ferðaþjónusta er sömuleiðis vaxtarbroddur.

Breiðafjörður er vel nýtt auðlind en hana nýta má enn betur, t.d. eru tækifæri í þara og skeldýraeldi. Lax- og silungsveiði á svæðinu er auðlind sem og telst svæðið gott landbúnaðarland. Ferðamenn eru vannýtt auðlind á svæðinu og mögulegt væri að gera matvælaframleiðslu á svæðinu hærra undir höfði.

Samgöngur og fjarskipti

- Vegasamgöngur eru almennt í góðu lagi en malarvegir í uppsveitum Borgarfjarðar og á Mýrum eru í slöku ástandi.
- Fjarskiptamál almennt í góðum farvegi en mætti þó bæta á ýmsum útivistarsvæðum og vinsælum gönguleiðum. Gott aðgengi að ljósleiðara.

- Vegakerfið á svæðinu er í ágætu ásigkomulagi. Tilkoma Sundabrautar mun stytta vegalengd frá svæðinu að Reykjavík töluvert.
- Almennt gott farnetsamband en þörf á betra sambandi á vinsælum útivistarstöðum á borð við Hvalfjarðarbotn. Gott aðgengi að ljósleiðara. Íbúar Akraness og Hvalfjarðarsveitar eru ánægðastir íbúa á Vesturlandi með farsímasamband og nettengingar.

- Vegir á Snæfellsnesinu anna illa aukinni umferð þungaflutninga og ferðamanna. Nauðsynlegt er að gerðar verði úrbætur á stofnvegum sem og vegi um Skógarströnd.
- Svæðið flokkast með þeim svæðum á landinu þar sem minnst aðgengi er að ljósleiðara. Úrbætur eru áætlaðar á næstu árum.

- Vegir eru víða í slæmu ásigkomulagi og anna illa aukinni umferð. Vegur um Skógarströnd er slæmur malarvegur með 7 einbreiðum brúm. Tengivegir á svæðinu eru flestir án bundins slitlags. Íbúar í Dölum eru næstóánægðastir allra landsmanna með vegakerfi (2. neðsta sæti).
- Farsímasamband er glöppótt á nokkrum stöðum og ljósleiðara vantar í Búðardal. Íbúakönnun 2023 sýnir að íbúar í Dalabyggð eru ósáttastir íbúa á Vesturlandi með nettengingar og óánægðastir allra landsmanna með farsímasamband svæðisins.

- Staða góð, jákvæð áhrif
- Tækifæri til að gera betur, veita þarf athygli
- Úrbóta þörf, kyrrstaða eða stöðnun

Innviðir rafmagns og veitna

Borgarbyggð og Skorradalshreppur

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit

Snæfellsnes

Dalabyggð

Raforka

- Afhendingaröryggi á svæðinu er gott, öflugir afhendingarstaðir eru í nágrenninu og dreifikerfi landsnets sterkt. Þriggja fasa rafmagn er komið á flesta staði. Andakílsvirkjun auk annarra smærri verkjana framleiða rafmagn á svæðinu.
- Tveir vindorkukostir í 4. áfanga Rammaáætlunar eru í Borgarbyggð. Annars vegar Alviðra með uppsett afl að 50MW og hins vegar Múli með 72,8MW uppsett afl.

- Svæðið býr yfir öflugum afhendingarstöðum og fyrirhugað er að bæta við afhendingarstöðum á næstu 5 árum. Staða jarðstrengja og þriggja fasa rafmagns er góð. Mikil notkun er á svæðinu, en um 5.531 GWst eru notaðar í ál- og járnbliðnaði.
- Engir fyrirhugaðir virkjanakostir á svæðinu eru í 4. áfanga Rammaáætlunar.

- Ekki er hringtenging á Snæfellsnesi og nauðsynlegt að bæta úr því til að auka afhendingaröryggi. Flutningsgeta vegamótalínu er takmörkuð. Staða þriggja fasa rafmagns er góð á nesinu og unnið hefur verið að því að leggja línur í jörð.
- Engar virkjanir í rammaáætlun eru á svæðinu en kortlagðar hafa verið um 20 smávirkjanakostir á svæðinu.

- Dreifikerfi raforku í Dalabyggð þarfnast endurbóta, byggja þarf hringtengingu kerfisins, leggja þarf stærra hlutfall strengja í jörð og klára að tengja svæðið þriggja fasa rafmagn. Ný stofnlína á milli Glerárskóga og Vogaskeiða myndi auka afhendingaröryggi.
- Til skoðunar er uppsetning vindorkugarðs að Sólheimum, með uppsett afl 162,4MW (4. áfangi Rammaáætlunar). Engar stærri virkjanir eru svæðinu en áhugi er á virkjum sjávarfalla.

Hita-, vatns- og fráveita

- Hitaveita fær heitt vatn að mestu frá Deildartunguhver.
- Megin kaldvatnstaka er úr borholum í Grábókarhrauni og á Seleyri. Vatnsveita í Grábókarhrauni var tekin í gagnið 2007. Vegna gruggvandamála voru tvær lindir í Hafnarfjalli teknar aftur í notkun 2020.
- Viðeigandi skólphreinsun í formi grófhreinsunar í þéttbýli.

- Heitt vatn frá Deildartunguhver; löng flutningsleið felur í sér áhættu. Framtíðaruppbygging getur verið áskorun fyrir afhendingaröryggi.
- Neysluvatn fyrir vatnsveituna á Akranesi er fengið úr Berjadalsá, Óslæk og Slögu, Árið 2023 var heildarvinnslan 1.328 þúsund rúmmetrar sem er um 8% aukning frá árinu á undan.
- Grófhreinsun fráveitu frá um 96% þéttbýlis.

- Hluti svæðisins er á köldu svæði en OR rekur hitaveitu í Stykkishólmi. Stór hluti svæðisins notar því rafmagn til húshitunar. Tækifæri eru í aukinni notkun varmadæla.
- Heilbrigðisnefnd Vesturlands er með fráveitumál á svæðinu til skoðunar, en fráveita í stærri byggðarkjörnum er ekki í samræmi við reglugerð nr. 789/1999.

- Rarik á og rekur hitaveitu Dalabyggðar. Að jafnaði er orka frá virkjunarsvæði hitaveitunnar 13 l/s af 84°C heitu vatni.
- Fráveitukerfi í Búðardal hefur verið uppfært á undanförunum árum, útrásir sameinaðar og lengdar út í sjó og hreinsunarbúnaði komið fyrir.

- Staða góð, jákvæð áhrif
- Tækifæri til að gera betur, veita þarf athygli
- Úrbóta þörf, kyrrstaða eða stöðnun

Menntun og mannlíf

Borgarbyggð og Skorradalshreppur

Mennta- stofnanir

Í Borgarnesi er grunnskóli starfandi og þá er Grunnskóli Borgarfjarðar með þrjár starfsstöðvar í dreifbýlinu. Menntaskóli Borgarfjarðar sinnir kennslu á framhaldskólastigi og Landbúnaðarháskóli Ísland auk háskólans á Bifröst bjóða upp á háskólanám.

Mikill munur er á mati íbúa á leik- og grunnskólum svæðisins. Hvað varðar leikskóla er mat íbúa vel yfir landsmeðaltali, eða í 5. sæti yfir öll sveitarfélög sem þátt taka í könnuninni. Hvað varðar grunnskóla er mat íbúanna hins vegar í 4. neðsta svæði, alllangt undir landsmeðaltali.

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit

Á Akranesi eru reknir tveir grunnskólar, í Hvalfjarðarsveit er samrekin grunnskólur og leikskóli. Fjölbrotaskóli Vesturlands er á Akranesi þar sem lögð er áhersla á iðnmenntun í tengslum við iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Í íbúakönnun landshlutanna 2023 meta íbúar Akraness og Hvalfjarðarsveitar leikskóla best af öllum sveitarfélögum sem þátt taka í könnuninni.

Í sömu könnun er mat Akranes og Hvalfjarðarsveit á grunnskólum í 2. sæti yfir öll sveitarfélög sem þátt taka í könnuninni.

Snæfellsnes

Grunnskólar á svæðinu eru þrír og Fjölbrotaskóli Snæfellinga er í Grundarfirði. Mat íbúa á leik- og grunnskólum svæðisins og aðgengi að framhaldsskóla er nálægt landsmeðaltali.

Dalabyggð

Auðarskóli í Búðardal er eini grunnskólinn á svæðinu. Engin skóli á framhalds- eða háskólastigi er á svæðinu. Mat íbúa á leikskóla svæðisins er nálægt landsmeðaltali og talsvert hærra en mat þeirra grunnskóla, sem er alllangt undir landsmeðaltali.

Íbúar í Dölunum koma næst verst út þegar spurt er um aðstöðu til námsmöguleika á framhaldsskólastigi í íbúakönnun landshlutanna.

Menning og félagsstarf

Í íbúakönnun landshlutanna 2023 var spurt um stöðu menningarlífs á svæðinu. Íbúar svæðisins meta báða þessa þætti lakar en landsmeðaltal og athyglivert er að mat yngri svarenda er allnokkru lægra en heildarinnar.

Svarendur íbúakönnunar 2023 meta mannlíf og menningarlíf allnokkuð síðra en landsmeðaltal. Líklegt verður að teljast að íbúar svæðisins sækji félags- og menningarlíf til höfuðborgarsvæðisins í auknum mæli.

Af sveitarfélögum á Vesturlandi eru íbúar Snæfellsnes ánægðastir með mannlíf svæðisins. Í íbúakönnun landshlutanna 2023 er mat þeirra á menningarlífi svæðisins nálægt landsmeðaltali.

Íbúar Snæfellsness mælast hamingjusamastir í könnuninni, ásamt íbúum tveggja annarra sveitarfélaga landsins.

Íbúar svæðisins eru ánægðir með menningarlíf og mannlíf svæðisins og er eina sveitarfélagið á Vesturlandi sem metur báða þessa þætti hærra en landsmeðaltal. Dalirnir hækkuðu mest allra sveitarfélaga landsins milli kannana, og sérstaklega fjórir þættir könnunarinnar sem tengjast afþreyingu (íþróttir, unglingsstarf, afþreying og menning).



Borgarbyggð og Skorradalshreppur



4165

Íbúar



+18,1%

Fjölgun íbúa á sl. 10 árum




20,3%

Hlutfall íbúa með
erlent ríkisfang

Breytingar á íbúafjölda 2013 - 2023



Aldursdreifing



Akranes og Hvalfjarðarsveit



8762

Íbúar



+21,1%


Fjölgun íbúa á sl. 10 árum




10,4%

Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang

Breytingar á íbúafjölda 2013 - 2023



Aldursdreifing



Snæfellsnes



3961

Íbúar



+0,2%

Fjölgun íbúa á sl. 10 árum




22,2%

Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang

Breytingar á íbúafjölda 2013 - 2023



Aldursdreifing



Dalabyggð



653

Íbúar



-1,8%

Fækkun íbúa á sl. 10 árum




7,4%

Hlutfall íbúa með
erlent ríkisfang

Breytingar á íbúafjölda 2013 - 2023



Aldursdreifing



02-03

Stuðningur til árangurs

Greining á fyrirliggjandi og tengdri starfsemi, samstarfs- og tengslaneti sem styrkt getur heildarhagsmuni.

Núverandi atvinnustarfsemi, samkeppnisumhverfi og stoðgreinar.

Áhrif atvinnustarfsemi á umhverfi.

Atvinnugreinar

Fjölbreytt atvinnulíf er á Vesturlandi og margvísleg starfsemi fyrirtækja er á svæðinu. Athyglivert er að skoða hlutfall mismunandi atvinnugreina í atvinnulífi viðkomandi sveitarfélaga. Það endurspeglar margþættan mun milli þeirra, s.s. náttúruauðindir, innviði, staðsetningu og samfélagsgerð.

Þegar skoðuð eru svör íbúa í íbúakönnun um hvar viðkomandi starfar má kortleggja stærð atvinnugreina á svæðinu að nokkru leyti.


Af einstökum atvinnugreinum eru opinber störf hlutfallslega flest í öllum sveitarfélögunum á Vesturlandi.

Í **Dalabyggð** eru það landbúnaður (ræktun nytjajurta og búfjárrækt), rekstur gististaða og matvælaræktun sem eru stærstu þættirnir.

Á **Snæfellsnesi** er það sjávarútvegur sem ber höfuð og herðar yfir aðrar greinar.

Í **Borgarbyggð** skipa landbúnaður, byggingastarfsemi og iðnaður stærstan sess.

Á **Akranesi og í Hvalfjarðarsveit** er iðnaður veigamestur enda Grundartangi eitt stærsta iðnaðarsvæði landsins. Einnig er verslun og þjónusta stærri hluti atvinnulífs svæðisins en í hinum sveitarfélögunum.



Atvinnulíf

	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit	Snæfellsnes	Dalabyggð
Mannauður	Á svæðinu búa 4.165, fjöldi starfandi á svæðinu í ársbyrjun 2024 var 2.170, þar af voru 796 með erlendan bakgrunn eða um 22%. Hlutfall kvenna af fjölda starfandi var 44%	Á svæðinu búa 8.762 íbúar og fjöldi starfandi í ársbyrjun 2024 var 4.663, þar af voru 630 með erlendan bakgrunn eða 14%. Hlutfall kvenna af fjölda starfandi var 46%	Á svæðinu búa um 3.961, fjöldi starfandi var 2.081, þar af voru 602 með erlendan bakgrunn eða 29%. Hlutfall kvenna af fjölda starfandi var 46%.	Í Dalabyggð voru íbúar 653, fjöldi starfandi var 352 í ársbyrjun 2024, þar af voru 33 með erlendan bakgrunn eða 9% og hlutfall kvenna af fjölda starfandi var 43%
Fjármagn	352 fyrirtæki á svæðinu skiluðu inn ársreikningi 2022, samanlögð EBITDA nam um 4.216 millj. ISK. Árið 2022 voru meðaltekjur íbúa á svæðinu um 5.469 þús, sem er töluvert undir landsmeðaltalinu (6.187). Laun og fjármagnstekjur eru lægri en landsbyggðarmeðaltalið á meðan bætur frá Tryggingarstofnun eru hærri.	535 fyrirtæki á svæðinu skiluðu inn ársreikningi árið 2022, samanlögð EBITDA nam um 38.778 mil. ISK. Tekjur á hvern íbúa voru um 5.936 árið 2022, sem er aðeins yfir landsmeðaltali. Lífeyrisgreiðslur og bætur frá Tryggingastofnun voru hærri en landsmeðaltal. Íbúar Hvalfjarðarsveitar voru með hærri tekjur en íbúar Akraness.	435 fyrirtæki skiluðu inn ársreikningi árið 2022, samlögð EBITDA þeirra nam um 8.497 mil. ISK. Íbúar svæðisins voru þeir tekjuhæstu árið 2022, heildartekjur íbúa voru að meðaltali 6.524 sem er nokkuð yfir landsmeðaltali. Íbúar Snæfellsbæjar voru að jafnaði með hæstu tekjurnar, sem skýrist fyrst og fremst af háum launagreiðslum og fjármagnstekjum.	66 fyrirtæki skiluðu ársreikningi 2022, samlögð EBITDA þeirra nam um 158 mil. ISK. Tekjur á hvern íbúa í Dalabyggð voru lægstar á svæðinu eða um 4.538 þús á hvern íbúa sem er nokkuð undir landsmeðaltali. Þar af voru um 583 þús frá Tryggingastofnum, sem er hæsta gildi þess tekjuflokks á svæðinu og töluvert yfir landsmeðaltalinu (431 þús).
Framtak	Á svæðinu voru stofnuð 102 ný fyrirtæki á síðustu 5 árum eða um 5,4 ehf/hf á ári fyrir hverja þúsund íbúa. Samvinnurými eru í háskólanum á Bifröst og í Landbúnaðarháskólanum. Atvinnuráðgjöf er í boði á vegum SSV.	203 fyrirtæki (ehf/hf) voru stofnuð á svæðinu síðastliðin 5 ár eða að jafnaði 4,9 fyrirtæki á ári á hverja þúsund íbúa. Breiðin á Akranesi er nýsköpunarsetur sem aðstoðar frumkvöðla á svæðinu. Atvinnuráðgjöf er í boði á vegum SSV.	Á svæðinu voru stofnuð 92 fyrirtæki á síðastliðnum 5 árum sem gera að jafnaði um 4,8 fyrirtæki á ári fyrir hverja þúsund íbúa. Samvinnurými í róstinni var opnað í Snæfellsbæ árið 2021 á sama ári var Árnasetur opnað í Stykkishólmi og stefnt er að opnun samvinnurýmis á Grundarfirði. Atvinnuráðgjöf er í boði á vegum SSV.	30 fyrirtæki voru stofnuð á svæðinu á síðastliðnum 5 árum. Að jafnaði gera það um 9,5 fyrirtæki á ári á hverja þúsund íbúa. Vorið 2022 var opnað nýsköpunarsetur í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal. Atvinnuráðgjöf er í boði á vegum SSV.

Tekjur á íbúa

Séu tekjur íbúa skoðaðar í ólíkum sveitarfélögum Vesturlands má sjá að mikill munur er á tekjum innbyrðis á Vesturlandi. Á mynd hér að neðan sést munurinn glögglega. Meðaltekjur á íbúa Snæfellsnes eru hæstar á svæðinu, að meðaltali 6.524 þús.kr. og aðeins hærri en landsmeðaltal. Í Dalabyggð eru tekjur íbúa lægstar, að meðaltali 4.539 þús.kr. Á milli þeirra liggja meðaltekjur Akraness og Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Hærri meðaltekjur eru að jafnaði í störfum tengdum sjávarútvegi og lægri tekjur tengdar hefðbundnum landbúnaðargreinum. Upphæðir á myndinni eru gefnar í þúsundum króna.



Landbúnaður og matvælaframleiðsla

Mikil framvinda í framleiðslu og hagræðingu hefur verið í landbúnaði, þrátt fyrir fækkun bóa. Ytra umhverfi hefur heldur skapað hnignun almennt í landbúnaði en misjafnt er milli greina innan landbúnaðarins hver framlegðin er.

Tæknivæðing í mjólkurframleiðslu hefur aukið framleiðni en jafnframt leitt til fækkunar kúabúa, einkum í Borgarbyggð. Hrossarækt er allnokkur á meðan sauðfjárbúskapur á undir högg að sækja í landshlutanum, sem annars staðar á landinu. Svína- og kjúklingarækt er syðst í landshlutanum.

Ylrækt er aðeins fyrir hendi í Borgarbyggð en frekari uppbygging getur falið í sér mikilvæg tækifæri í matvælaframleiðslu víðar á Vesturlandi. Áhersla yfirvalda er á aukna á innlenda framleiðslu grænmetis og matjurta.

Í aðgerðaáætlun yfirvalda héraendis er áhersla lögð á loftslagsvænni landbúnað, kolefnishlutleysi í nautgriparækt og bættu fóðrun búfjár til að draga úr losun frá iðragerjun. Skv. áætluninni verður bændum veitt heildstæð ráðgjöf og fræðsla með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar.

Gjaldgengi fyrirtækja í landbúnaði gagnvart Flokkunarreglugerð ESB er ekki orðin að veruleika en þó hafa verið mótuð viðmið fyrir ýmsar greinar er snerta nýtingu lands s.s. skógrækt. Gera má ráð fyrir að viðmið vegna matvælaframleiðslu verði að veruleika á næstu árum.

Áskoranir vegna loftslagsbreytinga blasa við. Hlýnun og aukin grænkun getur skapað tækifæri í einhverjum greinum en taka þarf tillit til aukinna loftslagsógna s.s. breytinga í úrkomumynstri, aukinna þurrka, hættu á gróðureldum, skerðingu líffræðilegrar fjölbreytni og ágengni framandi tegunda. Að auki eru vaxandi kröfur um samdrátt í losun sem kalla á tæknibreytingar og þróun í vinnsluháttum í landbúnaði. Jafnframt blasa áskoranir við bændum, s.s. fjármögnun, endurnýjun stéttarinnar, kaup á jörðum og landsvæðum o.s.frv.

Sveitarfélögin á Vesturlandi byggja öll á landbúnaði, nema Akranes. Í stefnum þeirra er fjallað um landbúnað sem eina helstu atvinnugrein samfélagsins. Borgarbyggð leggur áherslu á að byggja blómlegan landbúnað og tengsl greinarinnar við menntun og nýsköpun ásamt því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sveitarfélagsins. Dalabyggð með áherslu á hæglæti stefnir að því að vera fyrirmynd sveitarfélaga í hvernig gengið er um náttúru og auðlindir og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Snæfellsbær horfir til sjálfbærrar þróunar við stefnumótun um landnotkun.

Fyrirtæki í matvælaframleiðslu og fullvinnslu afurða eru fyrir hendi sem og sala beint frá býli. Matarsmiðjur hafa risið á svæðinu og eru nýttar af smáframleiðendum og frumkvöðlum.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta hefur verið í vexti á Vesturlandi líkt og öðrum landshlutum. Allmikill fjöldi ferðamanna fer um Vesturland á hverju ári og áherslur ferðapjónustunnar eru ólíkar milli svæða í landshlutanum.

Áfangastaða- og markaðssvið SSV heldur utan um verkefni sem lúta að þróun, uppbyggingu og gæðum ferðamála á Vesturlandi. Sviðið samanstendur af starfsemi og verkefnum sem heyra undir Áfangastaðastofu Vesturlands og Markaðsstofu Vesturlands. SSV hefur einnig stuðlað að samstarfi ferðapjónustuaðila sem getið hefur af sér verkefni um sögu, hefðir og upplifun af matarmenningu og matvælaframléiðslu á Snæfellsnesi.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands var síðast mótuð fyrir 2021-2023. Henni er ætlað að móta sameiginlega sýn og samræmdar áherslur varðandi stýringu, skipulag og stefnu um þróun ferðamála og uppbyggingu innviða á tilgreindu svæði.

Snæfellsjökulspjódgarður var stofnaður árið 2001 og hefur að geyma bæði sérstæða náttúru og merkilegar söguminjar. Snæfellsjökull er mikilvægur segull svæðisins og dregur á hverju ári til sín fjölda ferðamanna.

Í tengslum við gestakomur í þjóðgarðinn hafa ferðapjónustuaðilar byggt upp þjónustu sína og ferðaskipuleggjendur eru nokkrir í Borgarbyggð og Snæfellsnesi. Sömu leiðis hefur gististöðum fjölgað og nær sú þróun einnig til Dalabyggðar.

Söguslóðir eru margar á Vesturlandi og en verulega menningartengd ferðapjónusta hefur verið starfrækt bæði í Dalabyggð og Borgarbyggð.

Á öðrum svæðum hefur heilsutengd og lífstílsferðapjónusta vaxið, s.s. í Húsafelli og með Kraumu í Borgarfirði. Uppi eru hugmyndir um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu og heilsutengdrar ferðapjónustu á Akranesi. Þá eru hugmyndir um baðlón víðar á teikniborðinu.

Óhætt er að segja að á Vesturlandi geti ferðamenn upplifað bæði fjölbreytta náttúru og notið öflugs menningarlífs. Vegna nálægðar við helstu komuleið ferðamanna til landsins telja íbúar að Vesturland sé „næst“ í röðinni þegar kemur að vexti ferðapjónustu á Íslandi.

Innviðir ferðapjónustu eru víða til staðar og uppbyggingu áningarstaða og aðstöðu við náttúruperlur hefur verið sinnt. Í Dalabyggð er íbúum tíðrætt um hve mjög þarf að byggja upp og bæta vegasamgöngur. Er það bæði til að skapa grundvöll fyrir markvissa uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu en ekki hvað síst til að styðja við framtíðarþróun samfélagsins og þær kröfur sem íbúar gera til samgangna og ferðamáta.

Iðnaður

Margvíslegur iðnaður er á Vesturlandi. Það sem stendur uppúr er iðnaðarsvæðið á Grundartanga sem eitt stærsta iðnaðarsvæði landsins en svæðið dregur til sín fjölda iðnmenntaðra, ýtir undir tækifæri til aukinnar iðnmenntunar og skapar rekstrargrundvöll fyrir margvísleg þjónustufyrirtæki.

Í Borgarbyggð hafa byggst upp traust fyrirtæki í byggingariðnaði og þjónustu við nærliggjandi sveitir. Uppgangur í húsnæðis- og mannvirkjapróun styður við áframhaldandi rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja. Staðsetning þeirra tryggir þeim auk þess aðgengi að svæðum til vesturs á Snæfellsnes, um allan Borgarfjörð, vestur í Dali og til höfuðborgarsvæðisins.

Matvælaíðnaður er víða á svæðinu, bæði tengdur landbúnaði og sjávarútvegi. Í Búðardal er öflug ostagerð og í Borgarbyggð er matvælafyrirtæki í fiskvinnslu. Víðar á svæðinu eru matvæli framleidd og afurðir eru á allnokkrum stöðum seldar beint frá býli. Allt eru það þó framleiðendur á smáum skala.

Mennta- og heilbrigðisstofnanir

Opinber þjónusta er allnokkur í sveitarfélögunum og er áætlað að rúmlega 2.300 stöðugildi séu í opinberum störfum fyrir ríki og sveitarfélög á Vesturlandi. Skiptist það í um 800 stöðugildi á vegum ríkisins og um 1.500 stöðugildi hjá sveitarfélögunum. Umtalsverður meirihluti starfsfólks í opinberum störfum eru konur.

Flest störf í opinberri þjónustu eru á Akranesi og tengjast Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Þangað sækja einnig sérfræðingar störf frá höfuðborgarsvæðinu. Næstflest störf á vegum ríkisins eru í Borgarbyggð og tengjast þau menntastofnunum, þ.e. Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Háskólanum á Bifröst.

Langflest stöðugildi sveitarfélaganna koma til vegna reksturs grunnskóla, leikskóla og stofnana í velferðarmálum og umönnun. Í Dalabyggð er hlutfallið hæst; þar er t.d. Hjúkrunarheimilið Fellsendi rekið og skapar mörg störf í héraðinu.

Sjávarútvegur

Sjávarútvegur er meðal lykilatvinnugreina á Vesturlandi. Sum af öflugustu fyrirtækjum landsins bæði á sviði veiða og vinnslu eru á Snæfellsnesi enda sjávarútvegur undirstaða stærsta hluta atvinnulífs svæðisins, en auk þeirra eru margir smærri útgerðaaðilar á svæðinu, m.a. er smábátaútgerð frá Akranesi.

Við Breiðafjörð er fjölbreytt atvinnulíf tengt sjósókn, ekki aðeins fiskveiðar heldur einnig starfsemi tengd þangi og þara. Hefur verið lögð áhersla á sjálfbæra stjórnun fiskveiða enda er Breiðafjörðurinn mikilvæg uppeldisstöð fyrir nytjastofna.

Mikil þróun og nýsköpun hefur verið í sjávarútvegi á undanförunum árum sem hefur stuðlað að aukinni fullvinnslu afurða og bættri arðsemi. Framundan eru síðan stórar áskoranir fyrir greinina, ekki hvað síst tengt loftslagsmálum, áherslu á hringrásarhagkerfi og líffræðilegan fjölbreytileika.



02-04

Tækifæri til vaxtar

Kortlagning á tækifærum sem stuðlað geta að sjálfbærum vexti í atvinnulífi. Fyrirliggjandi vaxtarmöguleikar núverandi atvinnustarfsemi, og eftirspurn sem atvinnulífið og sveitarfélagið getur mætt.

Raddir ungs fólks og sýn íbúa ásamt væntingum til framtíðar.

Matvælaframleiðsla

Rætur svæðisins liggja í matvælaframleiðslu bæði til sjávar og til sveita. Staðsetning hentar vel til frekari vinnslu matvæla og tækifæri eru til að efla þróun og nýsköpun í fullvinnslu á svæðinu. Einnig hvað varðar afurðir sem ekki er aflað á svæðinu en gætu verið fluttar þangað til vinnslu.

Möguleikar í auknu samstarfi milli framleiðsluaðila og í samstarfi við Landbúnaðarháskólann opnar möguleika til nýrrar framleiðslu. Sömuleiðis býr svæðið yfir forskoti hvað varðar þekkingu á breytingum á náttúrufari vegna hlýnandi loftslags, aðlögun að breytingum og breytinga í matvælaframleiðslu, s.s. kornrækt og prótínframleiðslu.

Saga ylræktar á svæðinu og garðyrkju er löng. Jarðhiti er á svæðinu sem býður upp á frekari uppbyggingu grænmetisframleiðslu og með samstarfi matvælaframleiðenda og ferðaþjónustuaðila má styrkja grundvöll beggja.

Þróunarstarf með háskólasamfélaginu um framtíðarnýtingu plöntuafurða er sömuleiðis vaxtarbroddur á svæðinu.

Í aðgerðaáætlun yfirvalda vegna loftslagsbreytinga er lögð áhersla á vöxt innlendrar grænmetisframleiðslu og möguleikar eru fyrir svæðið að taka þátt í þeim vexti.

Það er alltaf verið að tala um að bændur þurfi að gera eitthvað nýtt, annað og meira. Það þarf að tryggja rekstrargrundvöll bænda fyrst, það er lítill tími og lítil geta til að sinna nýsköpun sé ekki grundvöllur fyrir hefðbundnum rekstri.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Áhrif matvælaframleiðslu á umhverfi og sjálfbær landbúnaður er viðfangefni sem snertir viðmið Flokkunarreglugerðar ESB. Gæta þarf að mengunarvörnum og sömuleiðis sjálfbærri nýtingu auðlinda. Þróun loftslagsvænni landbúnaðar er sömuleiðis brýnt viðfangsefni til að mæta viðmiðum um samdrátt í losun og aðlögunaraðgerðum vegna loftslagsbreytinga. Þekking og reynsla er til staðar, aðgengi að háskóla- og vísindasamfélagi og forsendur til að byggja upp sjálfbæra matvælaframleiðslu með forskot á önnur framleiðslusvæði.

Í aðgerðaáætlun yfirvalda hérlendis er áhersla lögð á loftslagsvænni landbúnað, kolefnishlutleysi í nautgripærækt og bætta fóðrun búfjár til að draga úr losun frá iðragerjun. Skv. áætluninni verður bændum veitt heildstæð ráðgjöf og fræðsla með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar.

Gjaldgengi fyrirtækja í landbúnaði gagnvart Flokkunarreglugerð ESB er ekki orðið að veruleika en þó hafa verið mótuð viðmið fyrir ýmsar greinar er snerta nýtingu lands s.s. skógrækt. Gera má ráð fyrir að viðmið vegna matvælaframleiðslu verði að veruleika á næstu árum.

Mikilvægt er að auka verðmæti þess sem framleitt er á svæðinu.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Sjálfbær nýting sjávar- og vatnsauðlinda

Breiðafjörður er gjöful auðlind og nýting margvíslegra sjávarafurða á sér langa sögu á svæðinu. Framtíðarmöguleikar lagareldis eru miklar við Breiðafjörð og tækifæri í þörungarækt bíða setningu lagaramma.

Á Vesturlandi eru margar góðar laxveiðiár og silungsveiði er í vötnum. Möguleikar eru á frekari uppbyggingu þar, einkum m.t.t. hreinleika laxastofnsins.

Tækifæri eru nefnd til aukinnar ræktunar og afurða úr Breiðafirði. Svæðið hentar vel til þangtíslu og ræktunar ýmissa skeldýra og þörungna. Hugmyndir eru á svæðinu um uppbyggingu sjávarnytja og styrkir eru veittir til nýsköpunarverkefna. Í nýsköpunarsetrinu Breið á Akranesi er unnið að áhugaverðum þróunarverkefnum í nýtingu þangs og þara.

Fyrir liggur að byggja upp þekkingar- og rannsóknasetur í Stykkishólmi sem myndi enn frekar styrkja þróun sjálfbærra sjávarnytja. Hafa þarf í huga að meðhöndla skal sjávar- og vatnsauðlindir á sjálfbæran hátt þannig að líffræðileg fjölbreytni auðlindanna skerðist ekki til lengri tíma. Viðmið Flokkunarreglugerðar setja skilyrði á auðlindanotkunina, þó ekki sé gerð krafa til minni fyrirtækja um að uppfylla þau enn sem komið er.

Klópang

í fjörunni er vannýtt
auðlind

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Mér finnst vera tækifæri til aukinnar ræktunar og afurða úr Breiðafirði. Það má sækja meira í þangið og skelfisk og þannig tengja matvælaframleiðslu svæðisins betur við ferðaþjónustu.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Töluverð áhætta er í sjávarbyggðum vegna samþjöppunar og sölu aflaheimilda. En líka vegna þróunar loftlagsmála og áhrifa á hitastig sjávar.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Það þarf fleiri hendur á svæðið, það er mikið að gera hjá þeim sem eru á svæðinu.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Ferðapjónusta

Víða á Vesturlandi eru vaxtartækifæri í ferðapjónustu. Sögumikið svæði býður upp á möguleika fyrir menningartengda ferðapjónustu. Svæðið er einnig ríkt af fjölbreyttri náttúru og aðgengi er gott að flestum náttúruperlum. Vaxandi uppbygging afþreyingarferðapjónustu hefur átt sér stað, baðlón og laugar eru á svæðinu, jöklaferðapjónusta, sjósport og heilsutengd ferðapjónusta.

Miklir möguleikar geta falist í auknu samstarfi ferðapjónustuaðila og stuðningi ólíkra ferðapjónustuaðila innan svæðisins. Allir aðilar geta hagnast á samstarfi og sameiginlegur slagkraftur ferðapjónustuaðila og matvælaframleiðenda getur margfaldað ávinning heildarinnar.

Slow travel áhersla hjá okkur í Dalabyggð; gönguleiðir, hjólaferðir og fleira slíkt.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Ferðapjónusta er óplægður akur á Akranesi. Það er vantar gistiframboð, en það eru söfn á svæðinu og menning, sem er styrkleiki.

Viðmælandi frá Akranesi og Hvalfjarðarsveit

Styrkleikar svæðisins byggjast á staðsetningu og legu að auðlindum. Náttúra og landslagið er meginauðlindin. Og á þeim byggist ferðapjónusta á svæðinu. Þjóðgarðurinn er sterkur segull og vörumerki sem dregur að, og það er mikilvægt að halda áfram að byggja hann upp og þróa hugmyndina um þjóðgarð.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Ferðapjónustan er í stöðugum vexti og svæðið á mikið inni bæði í afþreyingu og ekki síður menningar- og sögutengdri ferðapjónustu

Viðmælandi í Borgarbyggð

Miklir möguleikar eru í ferðapjónustu en svæðið er uppbókað á sumrin. Það þarf að fá ferðamenn til stoppa lengur á svæðinu, ferðast hægar um.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Bæta þarf vegasamgöngur á svæðinu, tækifæri eru fólgin í því að nýta Vestfjarðarleiðina betur og gera þarf endurbætur á Skógarstrandarveginu, til að tengja svæðin betur saman.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Iðnaður

Eitt stærsta iðnaðarsvæði landsins er staðsett á Vesturlandi og svæðið er fjölmennasti vinnustaður landshlutans. Þróunarfélag Grundartanga leiðir mótun græns iðngarðs með hringrásarhugsun á svæðinu en öll fyrirtæki í garðinum hafa samþykkt sameiginlega sjálfbærnistefnu fyrir svæðið. Þar er lögð áhersla á uppbyggingu og þróun svæðisins til aukinnar hringrásarnýtingar og að garðurinn sé í fararbroddi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Sömu leiðis kemur fram í stefnunni að garðurinn vilji vinna markvisst að velferð að öryggi starfsfólks og gesta garðsins og byggja upp jákvæða ímynd sína gagnvart starfsfólki og íbúum nærsamfélags. Stuðst er við alþjóðleg viðmið um græna iðngarða og þeim kröfum mætt sem gerðar eru til iðnaðar af þessari stærðargráðu, m.a. Flokkunarreglugerð ESB.

Á Vesturlandi er auk græna iðngarðsins á Grundartanga margvíslegur smærri iðnaður. Rótgróin fyrirtæki í byggingariðnaði veita fólki atvinnu í Borgarbyggð og mörg þjónustufyrirtæki sinna stærri framleiðendum á svæðinu. Á Vesturlandi starfar fjöldi iðnaðarmanna og iðnmenntun er sinnt af kappi.

Orkuskortur hefur mikil áhrif á svæðið, og verðlagning orku.

Á að nota orkuna til að skapa störf, eða fá sem hæst verð fyrir eiganda?

Viðmælandi frá Akranesi og Hvalfjarðarsveit

Það vantar enn hringtengingu á nesinu. Ef ekki er hægt að tryggja flutning á nægu afli er ekki hægt að tryggja mismunandi atvinnustarfsemi nægilega orku.

Viðmælandi frá Snæfellsnesi

Mikill áhugi er í samfélaginu á að virkja sjávarföllin og smávirkanir eiga vel við umhverfið hér.

Viðmælandi úr Dalabyggð

Orka

Á Vesturlandi er virk umræða um uppbyggingu fjölbreyttra orkukosta. Vindorkuver, nýting sjávarfalla og seltuvirkjanir eru hugmyndir sem ekki eru komnar til framkvæmda en benda til þess að íbúar Vesturlands mæti áskorunum orkuskipta og framtíðarorkuöflunar með opnum hug.

Vesturland gæti verið hentugt fyrir vindorku og gagnaver. Hugmyndir um vindorkugarða og nýtingu vindorku hafa ratað inn í aðalskipulag sveitarfélaga þó uppbygging þeirra sé ekki hafin, t.d. í Dalabyggð. Framleiðsla orku er háð viðmiðum flokkunarreglugerðar ESB.


Nýting hitaveitu á svæðinu á sér langa sögu, m.a. í Borgarbyggð, á Snæfellsnesi og í Dölunum.

Einnig voru í viðtölum rædd möguleg atvinnutækifæri í uppsetningu lífmassavera, lífkolavera og líftækni.


Væntingar unga fólksins á Vesturlandi

Leitað var eftir sýn yngra fólks á svæðinu með rafrænni könnun sem lögð var fyrir nemendum Menntaskóla Borgarfjarðar (MB)

Hvar tel ég tækifærin liggja í framtíð atvinnulífs á Vesturlandi?



Hvað skiptir mig mestu máli í atvinnu í framtíðinni?



Vesturland er ekki „that bad“
en flestir munu vilja fara til
Reykjavíkur eða eitthvað


Viðmælandi úr Borgarbyggð

Vesturland
er æðislegt


Því Vesturland er nálægt
borginni en ekki of
nálægt, fólk getur unnið
þar eða á Vesturlandi

Viðmælandi úr Borgarbyggð

Vill ungt fólk búa og starfa á Vesturlandi í framtíðinni?



Sérðu fyrir þér að starfa á Vesturlandi í framtíðinni?



Heimild: Könnun meðal
nemenda við MB

Já
Nei
57

02-05

Sóknarfæri

Rýni á sérstöðu samfélagsins og forskoti þess á samkeppnismarkaði sem skapað getur stöðugleika og sjálfbæra framþróun.

Niðurstaða greiningarinnar er sett fram sem sóknarfæri fyrir hvert atvinnusvæði.

Sóknarfæri - Snæfellsnes



29%

starfandi íbúa á
Snæfellsnesi eru með erlent
ríkisfang

6.524 þús.kr

Hæstu meðaltekjur á
Vesturlandi eru á
Snæfellsnesi

Góð laun

skipta unga fólkið mestu
máli þegar það horfir til
atvinnumöguleika framtíðar.

Sóknarfæri - Snæfellsnes

Snæfellsnes býr yfir fjölbreyttri og óspilltri náttúru á sjó og landi sem bæði er grundvöllur ferðaþjónustu og sjálfbærrar auðlindanýtingar til framtíðar. Ferðaþjónusta býr að góðum innviðum í skipulagi þar sem þjóðgarður og Svæðisgarður hafa verið starfandi árum saman. Byggja má á reynslu og þekkingu sem orðið hefur til í héraði til frekari verðmætasköpunar.

Sjálfbær nýting auðlinda Breiðafjarðar



Forsendur eru til að nýta auðlindir Breiðafjarðar með sjálfbærni að leiðarljósi. Þekking er fyrir hendi og aukin áhersla samfélagsins á rannsóknir og vöktun er grundvöllur sjálfbærrar auðlindastjórnunar. Nýting í samræmi við viðmið Flokkunarreglugerðar ESB mætir kröfum sjálfbærs atvinnusvæðis.

Ferðaþjónusta, náttúra og jökullinn



Að fá ferðamenn til að fara hæggar yfir, dvelja lengur og njóta Snæfellsness af meiri dýpt felur í sér aukna verðmætasköpun. Ferðamenn eru á svæðinu en skapa má meiri tekjur af dvöl þeirra en nú er, s.s. með matvælatengdri upplifun af svæðinu.

Aukið samstarf ferðaþjónustuaðila, Áfanga- og markaðssviðs SSV, Snæfellsjökuls-þjóðgarðs og Svæðisgarðsins Snæfellsnes getur stuðlað að samræmdri sýn og auknum sóknarpunga. Í nýútgefinni skýrslu um greiningu og verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar kemur fram að styrkja megi vöruþróun ferðaþjónustufyrirtækja við Breiðafjörð.

Haftengd starfsemi og nýsköpun



Aukin verðmætasköpun tengd fullnýtingu og fullvinnslu afurða getur stutt við núverandi starfsemi sem tengist sjávarútvegi. Með því má auka verðmæti afurða og tryggja framtíðarmöguleika greinarinnar. Tenging matvælavinnslu og ferskra afurða úr héraði við ferðaþjónustu fellur sömuleiðis að dýpkun upplifunar ferðafólks á svæðinu.

Sóknarfæri Snæfellsnes

Sjálfbær nýting auðlinda Breiðafjarðar

Ferðapjónusta, náttúra og jökullinn

Haftengd starfsemi og nýsköpun



Tækifæri til vaxtar

Til að virkja tækifæri

Breiðafjarðarnefnd með aðkomu SSV og annarra stuðningsstofnana sem hvetja og efla til aukins samstarfs.

Til að virkja tækifæri

SSV leiðir samstarf ólíkra aðila til heildrænnar nálgunar í ferðapjónustu sem tekur mið af hægætisferðapjónustu.

Til að virkja tækifæri

Ólíkir aðilar geta vakið athygli á þörfum greinarinnar og þeim árangri sem hefur náðst svo tryggja megi áframhaldandi framþróun.



Stuðningur til árangurs

Fyrirtæki og aðrir hagaðilar

Nýta þarf tækifæri sem Breiðafjörður býður upp á í samræmi við verndaráætlun og í sátt við samfélag og umhverfi. Þátttaka hagaðila í mótun, innleiðingu og framkvæmd áætlunarinnar ásamt eftirfylgni með markmiðum þarf að vera virk og markviss.

Hagaðilar ferðapjónustu

Tengja alla hagaðila svæðisins saman, s.s. Þjóðgarðinn og Svæðisgarðinn Snæfellsnes og ferðapjónustuaðila. Heildræn sókn ferðapjónustuaðila við Breiðafjörð.

Sjávarútvegsfyrirtæki og hagaðilar

Þurfa að vera leiðandi í sjálfbærri nýtingu og vinnslu, til að viðhalda orðspori og samkeppnishæfi greinarinnar. Framþróun hvað varðar orkunýtingu, úrgangsmál, hringrásarnýtingu og auðlindastýringu eru viðfangsefni sjávarútvegs framtíðarinnar.



Staða og forsendur

Sveitarfélögin við Breiðafjörð

Fylgja þarf eftir áherslum stýrihóps umhverfis, orku og loftslagsráðherra um sjálfbæra nýtingu auðlinda Breiðafjarðar sem Breiðafjarðarnefnd kom að.

Samfélagið - ferðapjónustuaðilar

Vinna eftir sameiginlegri stefnu í ferðapjónustu og stýringu á straumi ferðafólks um svæðið í samstarfi við ferðapjónustuaðila.

Nálægð

Nálægð við fengsæl fiskimið og auðvelt aðgengi að flutningsleiðum með afurðir skapa svæðinu sérstöðu. Tryggja þarf aðgengi að starfsfólki og innviðum sem styðja við samfélagsuppbyggingu. Uppbygging námsleiða sem styðja við sjávarútveg.



Umgjörð og stefna

Stjórnvöld

Verndaráætlun Breiðafjarðar er til staðar en þarfnast endurskoðunar.

Sveitarfélögin

Nýta Svæðisgarðinn Snæfellsnes sem samráðsvettvang í meira mæli.

Stjórnvöld

Stjórnvöld þurfa að tryggja áframhaldandi samkeppnishæfni sjávarútvegs, s.s. varðandi laga- og reglugerðarumhverfi, tollamál o.fl.

Sóknarfæri - Borgarbyggð



37%

Nemenda í MB telur framtíð Vesturlands liggja í landbúnaði og matvælaframleiðslu

6,7 ma

voru rekstrartekjur landbúnaðar á Vesturlandi árið 2022.

43%

Nemenda í MB sér framtíðarvinnustað sinn fyrir sér í Borgarbyggð.

Sóknarfæri - Borgarbyggð

Borgarbyggð hefur í gegnum tíðina verið eitt helsta landbúnaðarhérað landsins. Svæðið er upplagt sem tengistöð milli landshluta.

Öflugar menntastofnanir skapa svæðinu mikil tækifæri. Innviðir ferðapjónustu eru til staðar og geta tekið við aukinni ferðapjónustu.

Loftslagsvænn landbúnaður og matvælaframleiðsla



Nýsköpun í landbúnaði, framtíðarmöguleikar í samræmi við breytt loftslag og loftslagsvænn landbúnaður. Mikilvægt er að hlúa að samstarfi bænda, yfirvalda og háskólasamfélagsins. Áhersla á fullvinnslu afurða.

Ylrækt og jarðvarmanýting í matvælaframleiðslu styðja við markmið yfirvalda um aukna innlenda ræktun grænmetis.

Samstarf um ferðapjónustu



Gagnkvæmur ávinningur er af markvissri samvinnu ferðapjónustuaðila til að nýta betur innviði greinarinnar á svæðinu, s.s. í skapandi greinum, menningar- og heilsutengdri ferðapjónustu. Greina þarf tækifæri til að styrkja segla svæðisins og efla þannig heildina.

Iðnaður á krossgötum



Tenging er góð milli landshluta skapar tækifæri fyrir iðnað og þjónustu í allar áttir. Styðja þarf við þróun rótgróins byggingaiðnaðar til loftslagsvænni lausna skv. viðmiðum Flokkunarreglugerðar ESB.

Sóknarfæri Borgarbyggð

Loftlagsvænn landbúnaður og matvælaframleiðsla

Samstarf um ferðapjónustu

Iðnaður á krossgötum



Tækifæri til vaxtar

Til að virkja tækifæri

SSV og fleiri aðilar geta hvatt til breytinga og aðgerða sem stuðla að loftslagsvænni landbúnaði. Greina tækifæri til nýsköpunar og sóknar. Greining viðmiða og undirbúningur til að mæta regluverki.

Til að virkja tækifæri

Hvatning til ferðapjónustuaðila um markvissa samvinnu í greininni. Greina tækifæri til að styrkja segla svæðisins og nýtingu einstakra innviða, afþreyingar, menningar og þjónustu.

Til að virkja tækifæri

Stuðningur SSV við iðnfyrirtæki til að mæta kröfum og viðmiðum Flokkunarreglugerðar ESB og aðstoð við úrbætur og þróunarverkefni.



Stuðningur til árangurs

Menntastofnanir - LBHÍ

Rannsóknir á aðstæðum og þekkingarsköpun sem nýst getur til hagnýtingar lausna til loftslagsvænni landbúnaðar. Leiðandi í samstarfi og stuðningi við þróun á sviðum sem hagnast heildarstefnu svæðisins.

Áfanga og markaðssvið SSV

Samstarfsvettvangur til að fylgja eftir þróunarverkefnum Áfangastaðaáætlunar til aukins samstarfs ferðapjónustuaðila í Borgarbyggð.

Menntastofnanir

Framboð þekkingar til að mennta starfsfólk framtíðar til að taka við hlutverkum í uppbyggingu iðnaðarins. Tækifæri þurfa að vera til vaxtar, starfsþróunar og þátttöku nýsköpunarverkefna sem styðja við framþróun greinarinnar.



Staða og forsendur

Samfélagið - bændur

Tryggja eðlilega nýliðun stéttarinnar og tileinka sér sjálfbærni hugsun. Þátttaka í sí- og endurmenntun, nýsköpun og þróun greinarinnar. Samstarf og tengslanet. Aukin verðmætasköpun og fullvinnsla.

Samfélagið - ferðapjónustuaðilar

Auka þarf samstarf ferðapjónustuaðila og tengdra greina. Tryggja þarf að uppbygging, þróun og samstarf innan greinarinnar hafi sjálfbærni að leiðarljósi og byggji á styrk svæðisins.

Samfélagið - innviðir

Byggja upp tiltrú íbúa sveitarfélagsins á getu samfélagsins til að efla atvinnulíf og taka af skarið.



Umgjörð og stefna

Sveitarfélagið - Borgarbyggð

Reglubreytingar til aukinnar fjölbreytni atvinnustarfsemi í landbúnaði ef skipulag er hindrun. Talsmaður breytinga í ytra umhverfi og aðstoð við sókn í styrki og stuðning utan frá til sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið - Borgarbyggð

Fylgir eftir Áfangastaðaáætlun Vesturlands og samræmir áhersliverkefni við markaðsáætlun sveitarfélagsins og uppbyggingu og viðhald innviða.

Sveitarfélagið - Borgarbyggð

Aðalskipulag og undirbúningur framkvæmda á skipulagsstigi sé til staðar. Stuðningur við þróun iðnaðarins, m.t.t. utanaðkomandi skilyrða. Fyrirsjáanleiki í undirbúningi, s.s. vegna leyfisveitinga og áætlanagerða.

Sóknarfæri - Dalabyggð



Framtíðin

liggur í ferðaþjónustu samkvæmt
niðurstöðum könnunar meða
ungs fólks á Vesturlandi.

Um 60%

íbúa Dalabyggðar búa í
dreifbýli

151,2MW

vindorkugarður að Sólheimum
er í mati 5. áfanga
Rammaáætlunar

Sóknarfæri - Dalabyggð

Hæglæti og gæði í samræmi við smæð samfélagsins og náíð sambýli manns og náttúru einkenna sóknarfæri Dalabyggðar.

Umhverfis- og loftslagsmál, ásamt framsæknum hugmyndum um orkugjafa framtíðar eru áberandi í stefnumótun sveitarfélagsins og samtali við íbúa.

Sjálfbær nýting auðlinda Breiðafjarðar



Með sjálfbærni að leiðarljósi er hægt að nýta auðlindir hafsins betur en nú er gert. Rannsóknir og vöktun eru grundvöllur sjálfbærrar auðlindastjórnunar. Nýting í samræmi við viðmið Flokkunarreglugerðar ESB mætir kröfum sjálfbærs atvinnusvæðis.

Hæglát og nærandi ferðaþjónusta



Ein helsta áskorun ferðaþjónustunnar á svæðinu er stutt stopp ferðamanna. Aukið framboð gistingar, veitinga og afþreyingar er lykilþáttur í að lengja dvöl ferðamanna á svæðinu. Markvisst samstarf við ferðaþjónustu á Snæfellsnesi tengir svæðin betur saman og getur aukið slagkraft.

Aukin verðmætasköpun í landbúnaði



Rekjanleiki, stýring landnýtingar og loftslagsmarkmið setja ný viðmið um gæði landbúnaðarafurða. Möguleikar felast í aukinni sölu beint frá býli, fullvinnslu afurða og sértækri ræktun og framleiðslu. Einnig eru möguleikar til ylræktar og ræktunar nýrra tegunda í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Orkugjafar framtíðar



Aukin áhersla á endurnýjanlega orkugjafa, uppbyggingu vindorku og á aukið orkuöryggi styður við markmið sveitarfélagið að því að leggja sitt af mörkum gegn loftslagsbreytingum.

Sóknarfæri Dalabyggð

Sjálfbær nýting auðlinda Breiðafjarðar

Hæglát og nærandi ferðapjónusta

Verðmætasköpun í landbúnaði

Framtíðarorkugjafar



Tækifæri til vaxtar

Til að virkja tækifæri

Breiðafjarðarnefnd með aðkomu SSV og annarra stuðningsstofnana sem hvetja og efla aukid samstarf.

Til að virkja tækifæri

Aukid samstarf ferðapjónustuaðila til kynningar og markaðssetningar. Sameiginleg sýn og mögulegt klasasamstarf.

Til að virkja tækifæri

SSV og sveitarfélagið tryggja áframhaldandi stuðning við nýsköpun og atvinnulíf í héraðinu.

Til að virkja tækifæri

Vinna með samfélaginu og stjórnvöldum að eftirfylgni stefnu sem skapar samfélaginu ásættanlegar tekjur til framtíðar af orkukostum.



Stuðningur til árangurs

Fyrirtæki og aðrir hagaðilar

Nýta þarf tækifæri í samræmi við verndaráætlun og í sátt við samfélag og umhverfi.

Stofnanir, SSV

Vaxandi þörf fyrir hæglætis – ferðapjónustu. Bakland í Dalaaði

Bændur og landeigendur

Vinna markvisst að fullvinnslu afurða og nýsköpun.

Fjárfestar

Vilji fjárfesta til orkuframleiðslu, s.s. vindorku.



Staða og forsendur

Sveitarfélögin við Breiðafjörð

Fylgja þarf eftir áherslum stýrihóps umhverfis, orku og loftslagsráðherra um sjálfbæra nýtingu auðlinda Breiðafjarðar sem Breiðafjarðarnefnd kom að.

Samfélagið – ferðapjónustan

Náttúrulegar aðstæður, samstarf ferðapjónustu, bænda og matvælaframleiðenda

Sveitarfélög og hið opinbera

Vannýttir landkostir eru í Dalabyggð og staðsetning er hindrun ef ekki kemur til samgöngubóta. Fylgja þarf eftir áætlunum um sjálfbæra uppbyggingu svæðisins.

Staðsetning og landkostir

Vel staðsett m.t.t. tenginga milli landshluta.



Umgjörð og stefna

Stjórnvöld

Nýta uppfærða skýrslu um verndaráætlun Breiðafjarðar

Sveitarfélagið

Stefna sveitarfélagsins og Áfangastaðaáætlun svæðisins

Stjórnvöld

Greiða þarf götu afurða sem seldar eru beint frá býli og ryðja úr vegi hindrunum sem standa í vegi fyrir sértækri ræktun og framleiðslu.

Sveitarfélagið

Stefna og vilji er fyrir hendi til að stuðla að þróun framtíðarorkugjafa. Loftslagsstefna til staðar og stuðningur stjórnvalda.

Sóknarfæri - Akranes og Hvalfjarðarsveit



44%

Nemenda MB sjá tækifæri í
atvinnulífi framtíðar í iðnaði
og stóriðju

50%

Íbúa Akraneskaupstaðar
sækja atvinnu til
höfuðborgarsvæðisins og á
Grundartanga.

Sóknarfæri - Akranes og Hvalfjarðarsveit

Sveitarfélögin Akranes og Hvalfjarðarsveit eru ólík öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi hvað varðar atvinnulíf vegna nálægðar við stóriðju og iðngarð á Grundartanga. Með því skapast mikil tækifæri iðnmenntaðra til starfa sem krefjast sérþekkingar.

Einnig hefur nálægð við höfuðborgarsvæðið haft áhrif á uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Akranesi sem þjónar íbúum hvaðanæva að á landinu.

Grænir iðngarðar



Á svæðinu eru orkufrekur iðnaður sem skapar tækifæri til nýtingar hliðarafurða. Hringrás í nýtingu auðlinda skapar tækifæri fyrir frekari uppbyggingu. Samstarf um nýsköpun getur gefið af sér nýjar lausnir til fullnýtingar auðlindastrauma. Styðja þarf fyrirtækin sem og svæðið í heild til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, s.s. vegna viðmiða í Flokkunarreglugerð ESB og aðgerða í loftslagsmálum.

Klasasamstarf



Hlúa þarf vel að nýsköpun á svæðinu og auðvelda frumkvöðlum og fyrirtækjum samstarf sín á milli. Nálægð við höfuðborgarsvæðið, þróunarsetur og háskólasamfélag skapar grunn fyrir samstarf um nýsköpun og tækniþróun.

Heilbrigðisþjónusta



Mikil tækifæri liggja í öflugum sjúkrahúsi á svæðinu. Nálægð við höfuðborgarsvæðið skapar grundvöll fyrir öflugum og sérhæfðum lækniþjónustu og aðra starfsemi tengda heilsu.

Heilsutengd ferðarþjónusta



Með uppbyggingu heilbrigðisinnviða opnast ný tækifæri á sviði heilsutengdrar ferðarþjónustu. Náttúran og mannauðurinn á svæðinu skapar kjöraðstæður fyrir ferðarþjónustu sem byggir á heilsu og vellíðan.

Sóknarfæri Akranes og Hvalfjarðarsveit

Grænir iðngarðar og klasasamstarf

Heilbrigðisþjónusta og heilsutengd ferðaþjónusta



Tækifæri til vaxtar

Stuðningsstofnanir

Vekja athygli á klasasamstarfi og grænum iðngörðum og greiða götu þeirra. Vera bakhjarl á meðan á verkefni eru að festa sig í sessi.

Stuðningur – SSV/Breiðin

Samráð við fjárfesta, eigendur landsvæða og aðkoma annarra hagaðila.



Stuðningur til árangurs

Þjónustufyrirtæki

Mikil þekking er til staðar á uppbyggingu grænna iðngarða og stór áform um áframhaldandi vöxt.

Heilbrigðisstofnanir

Víðtæk þekking á heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþekking er til staðar. Styrkja þarf virkt samtal milli heilbrigðisþjónustu og ferðaþjónustuaðila í samstarfi við menntastofnanir og íbúa sveitarfélagsins.



Staða og forsendur

Innviðir

Þekking og kortlagning á innviðum og auðlindastraumum þarf að vera fyrir hendi að svo miklu leyti sem hægt er til að uppbygging mæti markmiðum svæðisins. Markviss iðnmenntun mætir þörfum svæðisins fyrir iðnaðartengda starfsemi.

Samfélagið - ferðaþjónustuaðilar

Vilji til að byggja upp markvissa ferðaþjónustu, heilsuhótel og auka þekkingu í greininni. Í farvatninu er uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu og samfélagið þarf að vera virkur þátttakandi í því ferli. Mikilvægt er að öll uppbygging taki mið af sérstöðu.



Umgjörð og stefna

Sveitarfélögin

Öflugur stuðningur sveitarfélaganna eflir stöðu klasasamstarfs og grænna iðngarða. Framtíðarsýn, stefnumótun og þekking á viðmiðum vegna starfsemi.

Sveitarfélögin

Ný stefna Akraneskaupstaðar og stefna í uppbyggingu Breiðarinnar eru fyrir hendi og styðja við framtíðaráform um heilsutengda þjónustu.

Viðauki

Heimildir og gögn

Umgjörð og stefna

Upplýsingar og gögn um stefnur, stjórnsýsluog aðalskipulag sveitarfélaganna af heimasíðum:

Akraneskaupstaður
[Akraneskaupstaður](#)

Borgarbyggð
[borgarbyggd.is](#)

Dalabyggð
[Sveitarfélagið Dalabyggð - Dalabyggð \(dalir.is\)](#)

Eyja- og Miklaholtshreppur
[Eyja- og Miklaholtshreppur \(eyjaogmikla.is\)](#)

Grundarfjarðarbær
[Grundarfjörður \(grundarfjordur.is\)](#)

Hvalfjarðarsveit
[Hvalfjarðarsveit \(hvalfjardarsveit.is\)](#)

Skorradalshreppur
[Skorradalshreppur | Skorradalshreppur \(skorradalur.is\)](#)

Snæfellsbær
[Snæfellsbær - þar sem Jökullinn ber við loft \(snb.is\)](#)

Sveitarfélagið Stykkishólmur
[Sveitarfélagið Stykkishólmur \(stykkisholmur.is\)](#)

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
[Heim | Svæðisgarður \(snaefellsnes.is\)](#)

Snæfellsjökulsþjóðgarður
[Snæfellsjökulsþjóðgarður - Snæfellsjökulsþjóðgarður \(snaefellsjokull.is\)](#)

Þróunarfélag Grundartanga
[Þróunarfélag Grundartanga \(grundartangi.is\)](#)

Staða og forsendur

Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða – Samantekt á niðurstöðum

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar
[Vinnumarkaðsrannsókn - Hagstofa Íslands](#)

Gagnatorg Byggðastofnunar
[Gagnatorg á heimasíðu Byggðastofnunar | Byggðastofnun \(byggdastofnun.is\)](#)

Samgöngu- og innviðaaætlun Vesturlands
[samgonguaaetlun.21.3.skjautgafa.pdf \(ssv.is\)](#)

Greinargerð SSV vegna óveðurs 2019
[Vesturland - Copy \(1\).pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Tekjur einstaklinga eftir svæðum
[Tekjur einstaklinga | Byggðastofnun \(byggdastofnun.is\)](#)

Brothættar byggðir: Dalabyggð, stöðuskýrsla 2022
[Microsoft Word - Stöðugreining - Dalabyggð 2022 \(byggdastofnun.is\)](#)

Viðskiptahugmyndir á Vesturlandi
[Nyvest_konnun_lokautgafa2024.pdf \(ssv.is\)](#)

Staða fjarskiptamála á Vesturlandi 2023
[Microsoft Word - Lokautgáfa SSV Fjarskiptaúttekt 2.4](#)

Smávirðjanir á Vesturlandi
[Amarlaekur-Smavirkjanir-a-Vesturlandi-Frumuttekt-vaikosta.-Utgafa-2-2.pdf \(ssv.is\)](#)

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands: Ársskýrsla 2022
[HEV_Arsskyrsla-2022.pdf](#)

Kalt vatn – Vatnsvinnsla 2023. Skýrsla OR nr. 2024-0017
[Kalt_vatn - Vatnsvinnsla_2023.pdf \(contentstack.com\)](#)

Skorradalsveita – Vatnsvinnsla 2022. Skýrsla OR nr. 2023-01
[Skorradalsveita - Vatnsvinnsla 2021 \(contentstack.com\)](#)

Stykkishólmsveita – Vatnsvinnsla 2022. Skýrsla OR nr. 2023-018
[Skorradalsveita - Vatnsvinnsla 2021 \(contentstack.com\)](#)

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar – Vatnsvinnsla 2023. Skýrsla OR nr. 2023-011
[Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar - Vatnsvinnsla 2021 \(contentstack.com\)](#)

Ársskýrsla RARIK 2023
[rsskrsla_RARIK_ohf_2023 - tgfa_fyrir_vef.pdf \(d2kejc37ec1x3t.cloudfront.net\)](#)

Stöðuskýrsla fráveitumála 2022
[Stoduskyrsla_fraveitumala_2022_2.pdf \(ust.is\)](#)

Dala Auður
[Dalabyggð | Byggðastofnun \(byggdastofnun.is\)](#)

Stuðningur til árangurs

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
[Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum \(co2.is\)](#)

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samráðsgátt
[Samráðsgátt | Mál: S-119/2024 \(island.is\)](#)

Um Flokkunarreglugerð ESB
[EUR-Lex - 52023SC0239 - EN - EUR-Lex \(europa.eu\)](#)

Um Flokkunarreglugerð ESB - Atvinnugreinaflokkun
[EU Taxonomy Navigator \(europa.eu\)](#)

Ársreikningaskrá
[Ársreikningaskrá | Skatturinn - skattar og gjöld](#)

Vesturland: Stöðugreining 2019
[vesturland-stodugreining-2019-2020-loka.pdf \(byggdastofnun.is\)](#)

Árbók sveitarfélaga
[Árbók sveitarfélaga - Samband íslenskra sveitarfélaga](#)

Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða – Samantekt á niðurstöðum

Viðtöl við aðila í heimahéraði

Tækifæri til vaxtar

Stöðugreining Breiðafjarðarsvæðis 2023
[Stodugreining-Breiðafjardarsvaedis.pdf \(ssv.is\)](#)

Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skýrsla um greiningu á verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæra og ógnanir á samfélag, byggð og atvinnulíf. (2024)
[Framtíðarmöguleikar Breiðafjarðar | Vestfjarðastofa \(vestfirdir.is\)](#)

Viðtöl við aðila í heimahéraði.

Niðurstöður rafrænnar könnunar meðal ungmenna í Menntaskóla Borgarfjarðar.



KPMG